

HS Orka hf.
Samstæðuársreikningur
2015
í þúsundum króna

HS Orka hf.
Brekkestíg 36
260 Reykjanesbæ

Kt. 680475-0169

Efnisyfirlit

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	5
Yfirlit um heildarafkomu	6
Efnahagsreikningur	7
Eiginfjárfirlit	8
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10
Viðaukar:	
Stjórnarháttayfirlýsing, óendurskoðuð	41
Óendurskoðaðar fjárhagsupplýsingar: Ársfjórðungayfirlit	44

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samstæðuársreikningur HS Orku hf. (félagið eða HS Orka) fyrir árið 2015 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og íslenskar kröfur um upplýsingagjöf.

Samkvæmt yfirliti um heildarafkomu námu rekstrartekjur félagsins árið 2015 7.350 millj. kr. (2014: 7.479 millj. kr.) og tap ársins 2015 nam 247 millj. kr. (2014: hagnaður 736 millj. kr.). Heildarhagnaður ársins nam 2.633 millj. kr. (2014: 679 millj. kr.). Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins 49.296 millj. kr. í árslok 2015 (2014: 44.383 millj. kr.). Eigið fé nam 28.901 millj. kr. í lok árs 2015 (2014: 26.480 millj. kr.) eða 58,6% af heildarfjármagni (2014: 59,7%).

Orkuver í Svartsengi var endurmetið til gangvirðis 31 desember 2015 með því að reikna núvirði vænt sjóðsstreymis af rekstrarfjármuninum. Endurmat nam 3.800 millj. kr. og er fært meðal annarrar heildarafkomu. Í lok árs 2015 könnuðu stjórnendur hvort vísbendingar væru um virðisrýrnun og var niðurstaða þeirra að ekki væru til staðar slíkar vísbendingar.

Hluthafar voru tveir í lok árs 2015 og varð engin breyting á fjölda hluthafa á árinu. Í árslok 2015 átti Magma Energy Sweden A.B. 66,6% af hlutafé í HS Orku hf. og Jarðvarmi slhf. 33,4%.

Stjórn félagsins leggur til að arður að fjárhæð 360 millj. kr. (0,05 kr. á hlut) verði greiddur til hluthafa á árinu 2016, en visar að öðru leyti til ársreikningsins um jöfnun taps og aðrar breytingar á eigin fé félagsins á árinu.

Stjórn félagsins hélt 12 fundi og endurskoðunarnefnd hélt 6 fundi á árinu 2015.

Yfirlýsing um stjórnarhætti

Stjórn HS Orku hf. leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnarháttum. Það er álit stjórnar að ástundun góðra stjórnarháttanna sé nauðsynleg tilveru félagsins og gæti best hagsmuna hluthafa, starfsmanna og annarra hagsmunaaðila og muni til langs tíma litið skapa viðunandi hagnað af fjárfestingu hluthafa. Grundvöllur góðra stjórnarháttanna byggir á 66. gr. C í lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, með síðari breytingum. Þessi yfirlýsing hefur verið staðfest af stjórn og er einnig birt í ársskýrslu félagsins. Yfirlýsingin nær yfir fjárhagsárið sem lauk þann 31. desember 2015. Stjórn félagsins hefur útbúið stjórnarháttayfirlýsingu í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti sem lýst er í stjórnarháttayfirlýsingu í viðauka við ársreikninginn.

Það er mat stjórnar að HS Orka hf. starfi í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti.

Skýrsla stjórnar og forstjóra, frh.:

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og er það álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2015 og rekstrarafkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2015.

Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og forstjóri HS Orku hf. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2015 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjórn munu leggja ársreikninginn fram til samþykktar á aðalfundi félagsins þann 11. mars 2016.

Reykjanesbæ, 22. febrúar 2016.

Stjórn:

Ross Beaty, formaður stjórnar
Gylfi Árnason
John Carson
Anna Skúladóttir
Lynda Freeman

Forstjóri:

Ásgeir Margeirsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í HS Orku hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning HS Orku hf. fyrir árið 2015. Ársreikningurinn hefur að geyma yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2015, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Yfirlýsing um skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjanesbæ, 22. febrúar 2016.

KPMG ehf.

Margret G. Flóvenz
Sæmundur Valdimarsson

Yfirlit um heildarafkomu árið 2015

	Skýr.	2015	2014
Rekstrartekjur	4,5	7.349.537	7.478.876
Framleiðslukostnaður og kostnaðarverð sölu	6	(5.370.984)	(5.622.666)
Vergur hagnaður		1.978.553	1.856.210
Annar rekstrarkostnaður	7	(620.523)	(486.555)
Rekstrarhagnaður		1.358.030	1.369.655
Fjármunatekjur		408.076	308.324
Fjármagnsgjöld		(300.677)	(362.567)
Gangvirðisbreytingar skiptasamnings		0	424.615
Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða	27	(3.247.953)	(1.555.726)
Hreinn fjármagnskostnaður	10	(3.140.554)	(1.185.354)
Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélagum	15	1.178.955	588.353
(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt		(603.569)	772.654
Tekjuskattur	11	356.505	(36.871)
(Tap) hagnaður ársins		(247.064)	735.783
Önnur heildarafkoma			
Liðir sem ekki verða endurflokkaðir í rekstrarreikning			
Endurmat rekstrarfjármuna		3.800.000	0
Matsbreyting lífeyrisskuldbindingar	25	(80.365)	(53.412)
Tekjuskattur af liðum sem ekki verða endurflokkaðir í rekstrarreikning	26	(743.927)	10.682
		2.975.708	(42.730)
Liðir sem kunna að verða endurflokkaðir í rekstrarreikning			
Þýðingarmunur hlutdeildarfélagum		(95.901)	(13.995)
Önnur heildarafkoma eftir tekjuskatt		2.879.807	(56.725)
Heildarhagnaður ársins		2.632.743	679.058
(Tap) hagnaður á hlut			
(Grunntap) -hagnaður og þynnt (tap) þynntur hagnaður á hlut	23	(0,03)	0,09
(Tap) hagnaður skiptist þannig:			
Eigendur móðurfélags		(247.064)	735.783
Minnihluti í dótturfélögum		0	0
		(247.064)	735.783
Heildarafkoma skiptist þannig:			
Eigendur móðurfélags		2.632.743	679.058
Minnihluti í dótturfélögum		0	0
		2.632.743	679.058
Skýringar á blaðsíðum 10 til 40 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins			

Efnahagsreikningur 31. desember 2015

	Skýr.	2015	2014
Eignir			
Rekstrarfjármunir	12	36.566.711	31.115.291
Rekstrarfjármunir í byggingu	13	3.151.270	3.818.171
Óefnislegar eignir	14	1.470.899	1.119.873
Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum	15	1.874.168	1.197.628
Eignarhlutir í öðrum félagum	16	27.075	27.075
Skuldabréfaeign	17	193.886	253.457
Fyrirframgreidd leiga og nýtingarréttur	18	507.236	497.428
Langtímakröfur	19,35	504.019	395.544
Fastafjármunir samtals		<u>44.295.264</u>	<u>38.424.467</u>
Rekstrarvörubirgðir		483.368	431.198
Skuldabréfaeign	17	77.554	79.205
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	19	1.367.118	1.278.181
Skammtímafjárfestingar	20	907.175	400.540
Bundnar bankainnstæður	34	741.143	0
Handbært fé	21	1.424.226	3.769.443
Veltufjármunir samtals		<u>5.000.584</u>	<u>5.958.567</u>
Eignir samtals		<u>49.295.848</u>	<u>44.383.034</u>
Eigið fé			
Hlutfé		7.841.124	7.841.124
Yfirverðsreikningur hlutfjár		7.038.855	7.038.855
Þýðingarmunur		176.041	271.942
Endurmatsreikningur		8.601.406	5.852.098
Óráðstafað eigið fé		5.135.258	5.475.923
Eigið fé hluthafa móðurfélagsins		<u>28.792.684</u>	<u>26.479.942</u>
Minnihluti í dótturfélagum		108.617	0
Eigið fé samtals	22	<u>28.901.301</u>	<u>26.479.942</u>
Skuldir			
Vaxtaberandi skuldir	24	7.681.185	10.131.860
Lífeyrisskuldbinding	25	2.052.400	1.894.500
Tekjuskattsskuldbinding	26	1.080.815	658.153
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum	27	4.058.803	1.260.382
Langtímaskuldir samtals		<u>14.873.203</u>	<u>13.944.895</u>
Vaxtaberandi skuldir	24	2.264.472	2.263.830
Innheimtur styrkur frá Evrópusambandinu fyrir hönd samstarfsaðila	34	741.143	0
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	28	1.893.433	1.521.603
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum	27	622.296	172.764
Skammtímaskuldir samtals		<u>5.521.344</u>	<u>3.958.197</u>
Skuldir samtals		<u>20.394.547</u>	<u>17.903.092</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>49.295.848</u>	<u>44.383.034</u>

Skýringar á blaðsíðum 10 til 40 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins

Eiginfjáryfirlit fyrir árið 2015

	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur hlutafjár	Þýðingar- munur	Endurmats- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé hluthafa móðurfélagsins	Minnihluti í dótturfélögum	Samtals
2014								
Eigið fé 1. janúar 2014	7.841.124	7.038.855	285.937	6.142.790	4.712.178	26.020.884	0	26.020.884
Hagnaður ársins					735.783	735.783		735.783
Önnur heildarafkoma			(13.995)		(42.730)	(56.725)		(56.725)
(Heildartap) -hagnaður ársins			<u>(13.995)</u>		<u>693.053</u>	<u>679.058</u>	<u>0</u>	<u>679.058</u>
Endurmatsreikningur færður á óráðstafað eigið fé				(290.692)	290.692	0		0
Greiddur arður, 0,03 kr. á hlut					(220.000)	(220.000)		(220.000)
Eigið fé 31. desember 2014	<u>7.841.124</u>	<u>7.038.855</u>	<u>271.942</u>	<u>5.852.098</u>	<u>5.475.923</u>	<u>26.479.942</u>	<u>0</u>	<u>26.479.942</u>
2015								
Eigið fé 1. janúar 2015	7.841.124	7.038.855	271.942	5.852.098	5.475.923	26.479.942	0	26.479.942
Tap ársins					(247.064)	(247.064)		(247.064)
Önnur heildarafkoma			(95.901)	3.040.000	(64.292)	2.879.807		2.879.807
(Heildartap) -hagnaður ársins			<u>(95.901)</u>	<u>3.040.000</u>	<u>(311.356)</u>	<u>2.632.743</u>	<u>0</u>	<u>2.632.743</u>
Endurmatsreikningur færður á óráðstafað eigið fé				(290.692)	290.692	0		0
Greiddur arður, 0,04 kr. á hlut					(320.000)	(320.000)		(320.000)
Yfirtaka fyrirtækis með minnihluta						0	108.617	108.617
Eigið fé 31. desember 2015	<u>7.841.124</u>	<u>7.038.855</u>	<u>176.041</u>	<u>8.601.406</u>	<u>5.135.258</u>	<u>28.792.684</u>	<u>108.617</u>	<u>28.901.301</u>

Skýringar á blaðsíðum 10 til 40 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins

Sjóðstreymisyfirlit fyrir árið 2015

	Skýr.	2015	2014
Rekstrarhreyfingar			
(Tap) hagnaður ársins	(247.064)	735.783
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna	(6.262)	(1.125)
Hækkun lífeyrisskuldbindingar	25	77.535	49.088
Afskriftir	9	1.416.011	1.368.416
Hrein fjármagnsgjöld	10	3.140.554	1.185.354
Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélaga	15	(1.178.955)	(588.353)
Tekjuskattur	11	(356.505)	36.871
		2.845.314	2.786.034
Birgðir, hækkun	(52.170)	(16.810)
Skammtímaerfingur, hækkun	(126.602)	(287.508)
Skammtímaskuldir, hækkun		372.200	196.844
Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og skatta		3.038.742	2.678.560
Innheimtar vaxtatekjur		102.378	201.705
Greidd vaxtagjöld og verðbætur	(282.024)	(353.705)
Handbært fé frá rekstri		2.859.096	2.526.560
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum og rekstrarfjármunum í byggingu	(2.372.720)	(1.015.483)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna		12.163	10.010
Fjárfesting í óefnislegum eignum	(117.968)	(101.128)
Fjárfesting í hlutdeildarfélögum	(16.000)	(17.000)
Mótttekinn arður frá hlutdeildarfélögum		362.514	317.348
Fjárfesting í dótturfélagi að frádregnu yfirteknu handbæru fé	(58.410)	(60.000)
Fjárfesting í skammtímafjárfestingum	(2.610.473)	(400.000)
Sala skammtímafjárfestinga		2.119.707	371.636
Afborganir skuldabréfaeignar		82.549	84.479
Fjárfestingarhreyfingar	(2.598.638)	(810.138)
Fjármögnunarhreyfingar			
Greiddur arður	(320.000)	(220.000)
Afborganir langtímalána	(2.307.639)	(2.224.026)
Fjármögnunarhreyfingar	(2.627.639)	(2.444.026)
Lækkun á handbæru fé	(2.367.181)	(727.604)
Handbært fé í ársbyrjun		3.769.443	4.413.403
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé.....		21.964	83.644
Handbært fé í árslok		1.424.226	3.769.443

Skýringar á blaðsíðum 10 til 40 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins

Skýringar

1. Félagið

HS Orka hf. ("félagið" eða "HS Orka") er íslenskt hlutafélag. Lögheimili þess er að Brekkustíg 36, Reykjanesbæ. Félagið annast framleiðslu og sölu á raforku og heitu vatni til upphitunar. Félagið er dótturfélag Magma Energy Sweden AB. Ársreikningur félagsins er hluti af samstæðureikningi móðurfélagsins Alterra Power Corp. sem er með höfuðstöðvar í Kanada.

Samstæðuársreikningur félagsins hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélagsins Vesturverks ehf. ásamt hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага sem færð eru samkvæmt hlutdeildaraðferð.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur um upplýsingar samkvæmt lögum nr. 3/2006 um ársreikninga.

Stjórn félagsins heimilaði birtingu ársreikningsins þann 22. febrúar 2016.

b. Matsaðferðir

Reikningsskil félagsins byggja á kostnaðarverði, að undanskildum eftirfarandi mikilvægum liðum í efnahagsreikningi:

- meirihluti rekstrarfjármuna er færður á endurmetnu kostnaðarverði, sem var gangvirði þeirra á
- afleiðusamningar eru metnir á gangvirði (gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamningur)
- innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum eru metnar á gangvirði
- lífeyrisskuldbinding er metin sem núvirði framtíðar lífeyrisskuldbindinga
- fjármálagerningar á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru metnir á gangvirði (hlutabréf og skuldabréf)

c. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningur félagsins er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

d. Mat og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð ársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaða krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður í framtíðinni kunna að vera frábrugðnar núverandi mati og forsendum og kunna að hafa veruleg áhrif á sögulega reynslu félagsins og aðrar staðreyndir og kringumstæður. Endurskoðun mats og áhrif þess á bókfært verð eigna og skulda félagsins eru færð þegar

Endanlegar niðurstöður í framtíðinni kunna að verða frábrugðnar núverandi mati og forsendum og kunna að hafa veruleg áhrif á sögulega reynslu félagsins og aðrar staðreyndir og kringumstæður.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem mikilvægi ákvarðana við beitingu reikningsskilaaðferða hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum, er að finna í eftirfarandi skýringum:

- Skýring 11- tekjuskattur
- Skýring 12 - afskriftir rekstrarfjármuna
- Skýringar 13 og 14 - virðisrýrnun þróunareigna fyrir nýtingu jarðhita og eigna í byggingu
- Skýring 17 - skuldabréfaeign
- Skýring 26 - tekjuskattsskuldbinding
- Skýring 27 og 29 - gangvirði innbyggða afleiðna í raforkusölusamningum
- Skýring 19 - niðurfærsla krafna
- Skýring 25 - lífeyrisskuldbinding

Skýringar, frh.:

2. Grundvöllur reikningsskilanna, frh.:

Upplýsingar um forsendur og mat þar sem umtalsverð hættu er á að verulegar breytingar verði á næsta fjárhagsári er að finna í eftirfarandi skýringum:

- Skýring 12 - rekstrarfjármunir
- Skýring 13 - rekstrarfjármunir í byggingu
- Skýring 14 - óefnislegar eignir
- Skýring 17 - skuldabréfaeign
- Skýringar 27 og 29 - gangvirði innbyggða afleiða í raforkusölusamningum
- Skýring 26 - tekjuskattsskuldbinding
- Skýring 19 - niðurfærsla krafna
- Skýring 25 - lífeyrisskuldbinding

e. Mat gangvirðis

Nokkrar reikningsskilaaðferðir og skýringar félagsins krefjast ákvörðunar á gangvirði, bæði vegna fjármálagerninga og annarra eigna og skulda.

Félagið hefur komið upp eftirlitskerfi við ákvörðun á gangvirði. Í skipulaginu felst að starfsmenn fjármálasviðs bera alhliða ábyrgð á umsjón með öllum mikilvægum ákvörðunum á gangvirði, þ.m.t. 3. stigs gangvirði, undir forystu fjármálastjóra.

Fjármálasvið fer reglulega yfir mikilvægar ósannreynanlegar upplýsingar og matsbreytingar. Ef upplýsingar frá þriðja aðila, s.s. verð frá verðbréfamiðlara eða verðmatsþjónustu, er notað til að ákvarða gangvirði þá leggja starfsmenn fjármálasviðs mat á þau gögn sem aflað er frá þriðja aðila til að styðja við þá niðurstöðu að slíkt mat sé í samræmi við kröfur alþjóðlegra reikningsskilastaðla, þ.m.t. það stig í gangvirðisstigakerfinu sem slík mót flokkast undir.

Mikilvæg matsatriði eru kynnt endurskoðunarnefnd félagsins.

Við ákvörðun gangvirðis eigna eða skulda notar fjármálasvið markaðsupplýsingar að eins miklu leyti og hægt er. Gangvirðið er flokkað í mismunandi stig eftir stigskiptu kerfi á grundvelli þeirra upplýsinga sem notaðar eru í matsaðferðum sem hér segir:

Stig 1: Skráð verð (óbreytt) á virkum markaði fyrir samskonar eignir og skuldir.

Stig 2: Önnur verð en skráð verð samkvæmt 1. stigi sem hægt er að greina fyrir viðkomandi eign eða skuld, ýmist beint (verð) eða óbeint (afleitt af verði).

Stig 3: Verðgildi fyrir eign eða skuld sem ekki byggir á fáanlegum markaðsupplýsingum (ófáanleg gildi).

Ef þau gildi sem notuð eru við ákvörðun gangvirðis eignar eða skuldar flokkast í mismunandi stig í stigkerfinu er ákvörðun gangvirðis öll flokkuð á sama stigi og lægst flokkaða veruleg forsenda matsins.

Félagið gerir tilfærslur á milli stiga í stigkerfinu í lok þess reikningstímabils sem breytingin átti sér stað.

Nánari upplýsingar um forsendurnar sem notaðar eru við ákvörðun gangvirðis er að finna í eftirfarandi skýringum:

- Skýring 12 - rekstrarfjármunir
- Skýring 17 - skuldabréfaeign
- Skýring 27 - innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum
- Skýring 29 - fjármálagerningar

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Félagið hefur beitt reikningsskilaaðferðum sem lýst er í þessari skýringu með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum.

Breytingar á reikningsskilaaðferðum

Félagið hefur innleitt alla alþjóðlega reikningsskilastaðla og breytingar á stöðlum sem samþykktir hafa verið af Evrópusambandinu og gilda fyrir reikningsár sem hefjast 1. janúar 2015 eða fyrr. Engir nýjir staðlar sem tóku gildi á árinu höfðu áhrif á ársreikninginn.

a. Grundvöllur samstæðu

(i) Samruni fyrirtækja

Félagið færir sameiningu fyrirtækja með því að nota kaupaðferðina þegar yfirræð flytjast til þess. Endurgjald fyrir yfirtöku er að jafnaði metið á gangvirði eins og keyptar hreinar aðgreinanlegar eignir. Viðskiptavild sem verður til er virðisprófuð árlega. Allur hagnaður af hagstæðum kaupum er færður í rekstrarreikning þegar í stað. Viðskiptakostnaður er gjaldfærður þegar hann fellur til nema hann tengist útgáfu skuldabréfa eða hlutabréfa.

(ii) Dótturfélag

Dótturfélög eru félög þar sem félagið fer með yfirræð. Samstæðan fer með yfirræð þegar hún ber áhættu eða hefur ávinning af breytilegri arðsemi af hlutdeild sinni í félaginu og getur haft áhrif á arðsemina vegna yfirræða sinna. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalín í samstæðureikningnum frá því að yfirræð nást og þar til þeim lýkur.

(iii) Hlutdeild annarra eigenda

Hlutdeild annarra eigenda, það er þeirra sem ekki eru ráðandi, er metin miðað við hlutdeild þeirra í aðgreinanlegum eignum yfirtekinnar einingar á kaupdegi.

(iv) Lok yfirræða

Þegar félagið missir yfirræð yfir dótturfélagi, eru eignir og skuldir dótturfélagsins afskráðar sem og tengd hlutdeild annarra eigenda og aðrir hlutar eiginfjár. Tap eða hagnaður sem þannig myndast er færður í rekstrarreikning. Eftirstæð eign í fyrrum dótturfélagi er metin á gangverði þegar yfirræð tapast.

(v) Hlutdeildarfélög

Hlutdeildarfélög eru þau félög sem félagið hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yfirræð yfir rekstrar- og fjárhagsstefnu félags. Veruleg áhrif eru alla jafna til staðar þegar félagið ræður yfir 20-50% atkvæðisréttar í öðru félagi.

Hlutdeildarfélög eru færð í ársreikning félagsins með hlutdeildaraðferð og er eignarhluturinn upphaflega færður á kostnaðarverði að viðbættum viðskiptakostnaði.

Ársreikningur félagsins inniheldur hlutdeild í hagnaði eða tapi og annarri heildarafkomu hlutdeildarfélaga, eftir að reikningsskilaaðferðir hlutdeildarfélagsins hafa verið samræmdar reikningsskilaaðferðum félagsins. Hlutdeildaraðferðinni er beitt frá því að veruleg áhrif nást og þar til þeim lýkur.

Verði hlutdeild félagsins í tapi meiri en bókfært verð hlutdeildarfélagsins, að meðtöldum langtímafjárfestingum, er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps er hætt nema félagið hafi gengist í ábyrgðir fyrir þessi félög eða innt af hendi greiðslur vegna þeirra.

Óinnleystur hagnaður sem hefur myndast í viðskiptum við hlutdeildarfélög er færður til lækkunar á bókfærðu verði þessara félaga í samræmi við eignarhlut félagsins í félögunum. Óinnleyst tap er fært út með sama hætti og óinnleystur hagnaður, en aðeins að því marki að ekkert bendi til virðisryrnunar.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

b. Erlendir gjaldmiðlar

(i) Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðil félagsins á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörsteggi. Gengismunur sem myndast vegna peningalegra eigna og skulda er sá mismunur sem myndast á milli afskrifaðs kostnaðarverðs í starfrækslugjaldmiðli í upphafi tímabilsins, að teknu tilliti til virkra vaxta og greiðslna á tímabilinu, og afskrifaðs kostnaðarverðs í erlendum gjaldmiðli miðað við gildandi gengi í lok reikningsársins. Ópeningalegar eignir og skuldir, sem metnar eru á gangvirði í erlendri mynt, eru færðar á því gengi sem var í gildi þegar gangvirði þeirra var ákvarðað. Gengismunur er færður meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda í rekstrarreikningi. Ópeningalegar eignir og skuldir sem metnar eru á grundvelli kostnaðarverðs í erlendri mynt eru færðar á því gengi sem í gildi var á viðskiptadegi.

c. Fjármálagerningar

(i) Fjáreignir aðrar en afleiðusamningar

Lán, kröfur og bankainnstæður eru færðar til bókar á þeim degi sem til þeirra er stofnað. Allar aðrar fjáreignir, þ.m.t. fjáreignir metnar á gangvirði gegnum rekstrarreikning, eru upphaflega færðar á þeim degi sem félagið gerist aðili að samningsbundnum ákvæðum fjármálagerningsins.

Fjáreignir eru afskráðar þegar samningsbundinn réttur félagsins að sjóðstreymi fjáreignanna rennur út eða ef félagið framselur rétt til sjóðstreymis af eigninni til annars aðila án þess að halda eftir yfirráðum eða því sem næst allri þeirri áhættu og ávinningi sem í eignarhaldinu felst. Sá hluti framseldra fjáreigna sem stofnað er til eða haldið er eftir af félaginu er færður sem sérstök eign eða skuld.

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og hrein fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar og aðeins þegar lagalegur réttur félagsins til jöfnunar er til staðar og fyrirhugað er að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda eða að innleysa eignina og gera upp skuldina á sama tíma.

Félagið flokkar fjáreignir aðrar en afleiðusamninga í eftirfarandi flokka: fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning og lán og kröfur.

Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning

Fjáreignir eru flokkaðar á gangvirði gegnum rekstrarreikning séu þær veltufjáreign eða ef þær eru tilgreindar á gangvirði gegnum rekstrarreikning við upphaflega skráningu í bókhald. Fjáreignir eru tilgreindar á gangvirði gegnum rekstrarreikning (a) ef slíkar fjáreignir eyða eða minnka verulega hættuna á ósamræmi í reikningsskilunum, (b) ef ákvarðanir félagsins um kaup og sölu byggjast á gangvirði þeirra í samræmi við skrásetta áhættustýringu félagsins eða fjárfestingastefnu, og (c) fjáreignin inniheldur eina eða fleiri innbyggðar afleiður. Við upphaflega skráningu er beinn viðskiptakostnaður færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til. Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru færðar á gangvirði í efnahagsreikning og gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning.

Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru eignarhlutir í öðrum félögum, skuldabréfaeign og skammtímafjárfestingar.

Lán og kröfur

Lán og kröfur eru fjáreignir með föstum eða ákvarðanlegum greiðslum, sem ekki eru skráðar á virkum markaði. Slíkar eignir eru upphaflega færðar á gangvirði að viðbættum öllum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru lán og kröfur metin á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisryrnun þegar við á.

Lán og kröfur samanstanda af handbæru fé og viðskiptakröfum og öðrum skammtímakröfum.

Til handbærs fjár telst sjóður og óbundnar bankainnstæður sem eru til ráðstöfunar innan þriggja mánaða.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

c. Fjármálagerningar, frh.:

(ii) Fjárskuldir aðrar en afleiðusamningar

Skuldabréf eru upphaflega bókfærð á þeim degi sem til þeirra er stofnað. Allar aðrar fjárskuldir eru upphaflega færðar á þeim viðskiptadegi þegar félagið gerist aðili að samningsbundnum ákvæðum fjármálagerningsins.

Félagið afskráir fjárskuld þegar samningsbundnum skyldum vegna skuldagerningsins er lokið, þær felldar niður eða falla úr gildi.

Félagið flokkar fjárskuldir aðrar en afleiðusamninga sem aðrar fjárskuldir. Slíkar skuldir eru upphaflega færðar á gangvirði að viðbættum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru þessar fjárskuldir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

Til fjárskulda félagsins annarra en afleiðusamninga teljast lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og hrein fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar og aðeins þegar lagalegur réttur félagsins til jöfnunar er til staðar og fyrirhugað er annaðhvort að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda eða innleysa eignina og gera upp skuldina á sama tíma.

(iii) Afleiðusamningar

Afleiðusamningar eru upphaflega færðir á gangvirði. Beinn viðskiptakostnaður vegna þeirra er færður í rekstrarreikning eftir því sem hann fellur til. Eftir upphaflega skráningu eru afleiðusamningar (að meðtöldum innbyggðum afleiðum) færðir á gangvirði í efnahagsreikning og gangvirðisbreytingar færðar í rekstrarreikning meðal fjármunastekna og fjármagnsgjalda.

Aðskiljanlegar innbyggðar afleiður

Innbyggðar afleiður eru aðskildar frá grunnsamningum og færðar sérstaklega þegar efnahagsleg einkenni og áhætta grunnsamnings og innbyggðrar afleiðu eru ekki nátengd, annar gerningur með sömu ákvæði og innbyggða afleiðan væri skilgreindur sem afleiðusamningur og blandaði gerningurinn er ekki metinn á gangvirði gegnum rekstrarreikning.

HS Orka hefur gert tvo langtímasamninga um sölu á raforku sem fela í sér innbyggðar afleiður. Tekjur af þessum samningum tengjast beint breytingum framtíðarverðs áls. Breytingar á gangvirði afleiða þar sem ekki er beitt áhættuvarnarreikningsskilum og aðgreinanlegum innbyggðum afleiðum eru færðar beint í rekstrarreikning.

(iv) Hlutfé

Almennir hlutir

Beinn kostnaður við útgáfu almenna hluta er færður til lækkunar á eigin fé að frádregnum tekjuskattsáhrifum.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

d. Rekstrarfjármunir

(i) Færsla og mat

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði eða endurmetnu kostnaðarverði, að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisryrnun.

Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við kaupin. Kostnaðarverð rekstrarfjármuna sem félagið byggir sjálf innifelur efniskostnað, launakostnað og annan beinan kostnað sem fellur til við að koma eigninni í notkun og eignfærðan fjármagsskostnað. Aðkeyptur hugbúnaður sem er nauðsynlegur hluti til að starfrækja viðkomandi búnað eru færður til eignar sem hluti af kostnaðarverði búnaðar.

Virkjanir og fasteignir félagsins eru skráðar á endurmetnu kostnaðarverði í efnahagsreikningnum, sem er gangvirði eignanna á endurmatsdegi að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum. Endurmetið er með reglubundnum hætti. Allar hækkanir vegna endurmatsins eru færðar á endurmatsreikning meðal eigin fjár að frádregnum tekjuskatti. Afskriftir endurmatsins eru færðar í rekstrarreikning og er árlega færð leiðrétting sem endurspeglar þá fjárhæð af endurmatsreikningi og á óráðstafað eigið fé. Þess er vænst að endurmat sé framkvæmt á þriggja til fjögurra ára fresti eða þegar markaðsaðstæður gefa vísbendingar um verulegar breytingar á virði. Endurmat var síðast framkvæmt á orkuveri félagsins Svartsengi í desember 2015, Reykjanesvirkjun var síðast endurmetin í desember 2012 en aðrar eignir voru endurmetnar 2008.

Þegar rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum með ólíkan nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar meðal rekstrarfjármuna.

Hagnaður eða tap af sölu rekstrarfjármuna er ákvarðað með því að bera saman söluverð og bókfært verð eignarinnar og er jafnað saman og fært í rekstrarreikning meðal annarra tekna eða annars rekstrarkostnaðar. Þegar endurmetnar eignir eru seldar eru endurmetnið flutt á óráðstafað eigið fé.

(ii) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður sem fellur til síðar er aðeins eignfærður ef hann eykur væntan framtíðarávinning þeirrar eignar sem hann tengist. Reglulegar viðgerðir og viðhald er fært til gjalda þegar kostnaður fellur til.

(iii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar af kostnaðarverði eða endurmetnu kostnaðarverði eignar að frádregnu niðurlagsverði. Verulegir einstakir hlutar einstakra eigna eru metnir og ef hlutinn hefur nýtingartíma sem er annar en eignin sjálf, þá er sá hluti afskrifaður sérstaklega.

Afskriftir eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna. Land er ekki afskrifað.

Rekstrarfjármunir eru afskrifaðir frá þeim degi sem þeir eru uppsettir og tilbúnir til notkunar eða í tilviki eigna sem félagið byggir sjálf, frá þeim degi sem eignin er fullgerð og tilbúin til notkunar.

Áætlaður nýtingartími vegna ársins og samanburðarárs greinist þannig:

Orkuver	40 ár
Borholur	20 ár
Rafveitukerfi	50 ár
Hitaveitu- og ferskvatnskerfi	50 ár
Fasteignir	50 ár
Aðrir rekstrarfjármunir	5 - 20 ár

Afskriftaraðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á hverjum uppgjörssdegi og breytt ef það er viðeigandi.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaðferðir, frh.:

e. Óefnislegar eignir

(i) Rannsóknar- og þróunarkostnaður

Kostnaður vegna rannsókna sem gerðar eru í þeim tilgangi að kanna jarðhitasvæði þar sem óvissa ríkir um nýtingarmöguleika, og kannanir annarra svæða sem henta til orkuvinnslu af öðrum uppruna, svo og til að afla nýrrar vísinda- eða tækniþekkingar er færður í rekstrarreikning þegar til hans er stofnað.

Þróun felur í sér könnun á jarðhitasvæðum og annarra svæða sem henta til orkuvinnslu af öðrum uppruna þar sem líkur eru á nýtingu og virkjun í framtíðinni. Þróunarkostnaður er aðeins eignfærður ef hægt er að meta hann á áreiðanlegan hátt, ef það eru líkur á tæknilegum eða hagrænum ábata í framtíðinni og félagið ætlar sér og hefur getu til að ljúka þróuninni og nýta eða selja eignina. Eignfærður kostnaður samanstendur af efniskostnaði, beinum launakostnaði og yfirstjórnarkostnaði sem hægt er að rekja beint til þess sem í þróun er og eignfærðum fjármagnskostnaði. Annar þróunarkostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann fellur til.

Þegar ákvörðun um virkjun eða nýtingu jarðhitasvæðis hefur verið tekin og öll tilskilin leyfi hafa fengist, er undirbúningskostnaður vegna virkjunar eða nýtingarinnar færður á rekstrarfjármuni í byggingu.

Eignfærður þróunarkostnaður er metinn á kostnaðarverði að frádreginni uppsafnaðri virðisryrnun. Þróunarkostnaður er árlega prófaður með tilliti til virðisryrnunar.

(ii) Aðrar óefnislegar eignir

Aðrar óefnislegar eignir keyptar af félaginu, þar með talinn hugbúnaður, sem hafa takmarkaðan nýtingartíma eru metnar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisryrnun.

(iii) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður sem fellur til síðar er aðeins eignfærður ef hann eykur væntan framtíðarávinning þeirrar eignar sem hann tengist. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann fellur til.

(iv) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar af kostnaðarverði eignarinnar að frádregnu niðurlagsverði.

Afskriftir eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma óefnislegra eigna frá þeim degi þegar þær eru tilbúnar til notkunar. Áætlaður nýtingartími ársins og samanburðarárs greinist þannig:

Hugbúnaður 5-10 ár

Afskriftaraðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á hverjum uppgjorsdegi og breytt ef það er viðeigandi.

f. Leigðar eignir

Leigusamningar teljast rekstrarleigusamningar og eru hinar leigðu eignir ekki færðar til eignar í efnahagsreikningi félagsins.

g. Rekstrarvörubirgðir

Rekstrarvörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluvirði, hvoru sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða byggir á fyrst inn - fyrst út reglunni og innifelur kostnað sem fellur til við að afla birgðanna og koma þeim á þann stað og í það ástand sem þær eru í á uppgjorsdegi. Hreint söluvirði er áætlað söluverði í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum kostnaði við að selja vöruna.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningssskilaaðferðir, frh.:

h. Virðisrýrnun

(i) Fjáreignir sem ekki eru afleiðusamningar

Á hverjum uppgjorsdegi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna sem ekki eru færðar á gangvirði gegnum rekstrarreikning, þar með töldum eignarhlutum í hlutdeildarfélögum. Fjáreign telst hafa orðið fyrir virðisrýrnun ef hlutlægar vísbendingar eru til staðar um virðisrýrnun vegna eins eða fleiri atburða eftir upphaflega skráningu eignarinnar, sem leiða til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi af eigninni verði lægra en áður var talið og hægt er að meta áhrif atburðarins með áreiðanlegum hætti.

Við mat á virðisrýrnun einstakra flokka fjáreigna styðst félagið við sögulega leitni á líkum um vanskil, tímasetningu endurheimtu og innleyst töp, með tilliti til mats stjórnenda á því hvort núverandi efnahags- og lánsaðstæður leiði til að tapið verði í raun hærra eða lægra en söguleg reynsla segir til um. Vegna fjárfestinga í eiginfjárgerningum er veruleg eða langvarandi lækkun gangvirðis niður fyrir kostnaðarverð metin sem hlutlæg vísbending um virðisrýrnun. Félagið telur lækkun vera verulega ef hún nær 20% og langvarandi ef hún nær yfir níu mánaða tímabil.

(ii) Aðrar eignir

Bókfært verð annarra eigna félagsins, að undanskildum birgðum og skatteign, er yfirfarið á hverjum uppgjorsdegi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar metin. Vegna óefnislegra eigna sem ekki hafa verið teknar í notkun er endurheimtanleg fjárhæð metin árlega á sama tíma.

Virðisrýrnun er gjaldfærð þegar bókfært virði eignar er hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Virðisrýrnun endurmetinna rekstrarfjármuna er færð á endurmatsreikning meðal eigin fjár upp að þeirri fjárhæð sem hann stendur í en eftir það í rekstrarreikning. Virðisrýrnun annarra eigna er gjaldfærð í

Endurheimtanleg fjárhæð eignar er hreint gangvirði hennar að fráðregnum sölukostnaði eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er metið miðað við áætlað framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, sem endurspeglar mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þeirri áhættu sem fylgir eigninni.

Virðisrýrnun er bakfærð ef breyting hefur orðið á mati sem notað var við útreikning á endurheimtanlegri fjárhæð. Virðisrýrnun er einungis bakfærð að því marki að bókfært verð eignar sé ekki umfram það sem verið hefði, að fráðregnum afskriftum, ef engin virðisrýrnun hefði verið færð.

i. Hlunnindi starfsmanna

(i) Iðgjaldatengd lífeyriskerfi

Iðgjaldatengd lífeyriskerfi eru eftirlaunahlunnindi þar sem félagið greiðir föst framlög til lífeyrissjóða og ber hvorki lagalega né ætlaða skyldu til að greiða frekari framlög. Kostnaður vegna framlaga í iðgjaldatengd lífeyriskerfi er gjaldfærður sem launatengd gjöld í rekstrarreikningi á þeim tímabilum sem starfsmenn veita félaginu þjónustu. Fyrirframgreidd framlög eru færð til eignar að því marki sem endurgreiðsla eða lækkun á framtíðargreiðslum er fyrir hendi.

(ii) Réttindatengd lífeyriskerfi

Skuldbinding félagsins vegna réttindatengdra lífeyriskerfa eða lífeyrissjóða er reiknuð sérstaklega fyrir hvert kerfi með því að áætla framtíðarvirði lífeyrisréttinda sem núverandi og fyrrverandi starfsmenn hafa áunnið sér á yfirstandandi og fyrri tímabilum. Réttindin eru afvöxtuð til að finna núvirði þeirra. Tryggingastærðfræðingar reikna skuldbindinguna árlega á grundvelli aðferðar sem miðast við áunnin réttindi. Breytingar á skuldbindingunni vegna tryggingafræðilegra breytinga eru færðar meðal annarrar heildarafkomu. Annar kostnaður vegna réttindatengdra lífeyriskerfa er færður í rekstrarreikning.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

j. Skuldbindingar

Skuldbinding er færð í efnahagsreikninginn þegar félaginu ber lagaleg eða ætluð skylda vegna fyrri atburðar og líklegt er að kostnaður lendi á því við að gera upp skuldbindinguna. Skuldbinding er metin út frá væntu framtíðarfjárflæði, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta sem endurspeglar markaðsvexti og þá áhættu sem fylgir skuldbindingunni. Bakfærsla núvirðingarinnar er færð sem fjármagnsgjöld.

k. Tekjur

Tekjur af sölu á raforku og heitu vatni ásamt orkuflutningi eru færðar í rekstrarreikning samkvæmt mældri afhendingu til kaupenda á tímabilinu. Á milli mælinga er notkun áætluð miðað við fyrri reynslu.

Þjónustutekjur frá HS Veitum hf. eru byggðar á þjónustusamningi og færðar þegar þjónusta hefur verið innt af hendi.

Aðrar tekjur eru færðar við afhendingu vöru eða þjónustu.

l. Rekstrarleigugreiðslur

Greiðslur vegna rekstrarleigusamninga eru færðar línulega í rekstrarreikning á leigutímanum.

m. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af fjárfestingum, arðtekjum, gangvirðisbreytingum fjáreigna á gangvirði gegnum rekstrarreikning, gengishagnaði af erlendum gjaldmiðlum og hagnaði af afleiðum sem er færður í rekstrarreikning. Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning á þeim degi sem réttur félagsins til arðgreiðslu stofnast.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántökum, bakfærslu núvirðingar skuldbindinga, gengistapi af erlendum gjaldmiðlum, tapi af afleiðum sem fært er í rekstrarreikning, gangvirðisbreytingum fjáreigna á gangvirði gegnum rekstrarreikning og virðisrýrnun annarra fjáreigna en lána og krafna. Lántökukostnaður sem ekki er eignfærður vegna kaupa eða bygginga hæfra eigna er gjaldfærður í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

Hagnaði eða tapi vegna gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla er jafnað saman og fært annað hvort sem fjármunatekjur eða fjármagnsgjöld eftir því sem við á.

n. Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur til greiðslu og frestaður tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann tengist liðum sem eru færðir beint á eigið fé í yfirliti um heildarafkomu.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörstegi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður tekjuskattur er færður með efnahagsskuldbindingaraðferðinni vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum skatti byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörstegi. Skatteign og tekjuskattsskuldbindingu er jafnað saman ef til staðar er lagaleg heimild til að jafna tekjuskatt til greiðslu á móti skatteign og þær heyra undir sömu skattyfirvöld.

Skatteign er færð vegna yfirfæranlegs skattalegs taps, skattaívilnana og frádráttarbærra tímabundinna mismuna að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni sem unnt verður að nýta eignina á móti. Skatteignin er metin á hverjum uppgjörstegi og lækkuð að því marki sem talið er líklegt að hún nýtist ekki.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

o. Ríkisstyrkir (styrkir frá Evrópusambandinu innifaldir)

Opinberir styrkir tengdir eignum eru upphaflega færðir sem frestaðar tekjur á gangvirði ef það er nægjanleg víska fyrir því að þeir verði móttæknir og að félagið muni uppfylla skilyrði tengd styrkveitingu. Þeir eru síðan færðir í rekstrarreikning sem aðrar tekjur á kerfisbundinn hátt á líftíma viðkomandi eignar.

Styrkir sem ætlaðir er til að mæta kostnaði sem fellur á félagið eru færðir í rekstrarreikning á kerfisbundinn hátt á sama tímabili og tengdur kostnaður er færður.

p. Hagnaður á hlut

Í ársreikningnum er sýndur grunnhagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut fyrir almenna hluti í félaginu. Grunnhagnaður á hlut er reiknaður sem hlutfall afkomu, sem ráðstafað er til almennra hluthafa í félaginu, og vegins meðalfjölda útistandandi almennra hluta á árinu. Þynntur hagnaður á hlut er jafn grunnhagnaði þar sem félagið hefur ekki gert kaupréttarsamninga eða gefið út breytanleg skuldabréf.

q. Starfspáttayfirlit

Starfspáttur er eining innan félagsins sem viðhefur starfsemi sem getur aflað tekna og stofnað til útgjalda, þ.m.t. tekjur og gjöld vegna viðskipta við aðrar rekstareiningar félagsins. Afkoma starfspátta, sem aðskildar fjárhagsupplýsingar eru fánlegar fyrir, eru reglulega skoðaðar af stjórnendum félagsins til þess að taka ákvarðanir um úthlutun auðlinda til starfspáttarins og við mat á árangri hans.

r. Nýir reikningsskilastaðar og túlkanir

Nokkrir nýir reikningsskilastaðar, breytingar á reikningsskilastöðlum og túlkanir á þeim hafa tekið gildi fyrir reikningsskilaár sem hefjast eftir 1. janúar 2015, hafa ekki verið notaðir við gerð þessa ársreiknings. Ekki er gert ráð fyrir að neinir af þessum stöðlum muni hafa veruleg áhrif á reikningsskil félagsins. Þeim nýju stöðlum sem kunna að vera viðeigandi fyrir reikningsskil félagsins er lýst hér á eftir:

IFRS 9 fjármálagerningar

IFRS 9, gefinn út í júlí 2014, leysir núverandi reglur IAS 39 *Fjármálagerningar* af hólmi. IFRS 9 innheldur endurbættar leiðbeiningar um flokkun og mat fjármálagerninga, nýtt líkan um vænt tap af lánveitingum til að nota við útreikning á virðisrýrnun fjáreigna og nýjar heildarkröfur tengdar áhættavarnarreikningsskilum. Hann innheldur nógildandi leiðbeiningar skráningu og afskráningu fjármálagerninga úr IAS 39.

IFRS 9 gildir fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2018 eða síðar en heimilt er að taka upp staðalinn fyrr.

IFRS 15 Tekjur frá viðskiptavinum

IFRS 15 ákvarðar heildstætt kerfi við mat á því hvort, hve mikið og hvenær tekjur eru færðar. Hann leysir af hólmi núverandi reglur um tekjufærslu þar með talda IAS 18 *Tekjur*, IAS 11 *Verksamninga og IFRIC 13 Tryggðarkerfi*.

IFRS 15 gildir fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2019 eða en heimilt er að taka staðalinn upp fyrr.

IFRS 16 Leigusamningar

Í janúar 2016 samþykkti IASB IFRS 16 *Leigusamningar*. Hinn nýji staðall mun taka gildi í janúar 2019. Heimilt er að taka staðalinn upp fyrr ef IFRS 15 *Tekjur frá viðskiptavinum* hefur innleiddur.

Skýringar, frh.:

4. Starfsþáttayfirlit

Félagið er með þrjá starfsþætti sem lýst er hér á eftir:

Orkuframleiðsla

Framleiðsla og sala á raforku, heitu vatni og jarðhitavökva.

Raforkusala

Kaup og sala á raforku til annarra notenda en stóriðju og raforkufyrirtækja.

Annað

Sala á þjónustu, leiga á húsnæði og tækjum og önnur sala.

	Orku- framleiðsla	Raforku- sala	Annað	Samtals
Árið 2015				
Ytri tekjur	3.021.708	3.958.937	368.892	7.349.537
Innri tekjur	1.589.611			1.589.611
Heildartekjur starfsþátta	4.611.319	3.958.937	368.892	8.939.148
Rekstrarafkoma starfsþátta	790.448	500.571	67.011	1.358.030
Óskiptir liðir				
Hrein fjármagnsgjöld				(3.140.554)
Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarféлага				1.178.955
Tekjuskattur				356.505
Tap ársins				(247.064)
Eignir starfsþátta	40.373.953	58.633	756.294	41.188.880
Óskiptar eignir				8.106.968
Eignir samtals				49.295.848
Óskiptar skuldir				20.394.547
Fjárfestingar	2.478.571	8.959	3.158	2.490.688
Afskriftir	1.366.310	7.634	42.067	1.416.011
Árið 2014				
Ytri tekjur	2.958.325	3.515.765	1.004.786	7.478.876
Innri tekjur	1.548.051			1.548.051
Heildartekjur starfsþátta	4.506.376	3.515.765	1.004.786	9.026.927
Rekstrarafkoma starfsþátta	920.026	392.535	57.094	1.369.655
Óskiptir liðir				
Hrein fjármagnsgjöld				(1.185.354)
Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarféлага				588.353
Tekjuskattur				(36.871)
Hagnaður ársins				735.783
Eignir starfsþátta	35.455.560	51.821	545.954	36.053.335
Óskiptar eignir				8.329.699
Eignir samtals				44.383.034
Óskiptar skuldir				17.903.092
Fjárfestingar	1.047.046	14.805	54.760	1.116.611
Afskriftir	1.315.550	10.155	42.711	1.368.416

Skýringar, frh.:

4. Starfspáttayfirlit, frh.:

Orkuframleiðsla

Tekjur orkuframleiðslu greinast þannig:

Árið 2015	Rafmagn	Heitt vatn	Annað	Samtals
Ytri tekjur	1.987.682	803.807	230.219	3.021.708
Innri tekjur	1.589.611			1.589.611
Heildartekjur starfspáttar	3.577.293	803.807	230.219	4.611.319
Árið 2014				
Ytri tekjur	2.003.847	735.265	219.213	2.958.325
Innri tekjur	1.548.051			1.548.051
Heildartekjur starfspáttar	3.551.898	735.265	219.213	4.506.376

5. Mikilvægir viðskiptavinir

Tekjur frá einum af viðskiptavininum félagsins í orkuframleiðslu námu 1.697 millj. kr. (2014: 1.755 millj. kr.).

Tekjur frá HS Veitum hf. greinast þannig:

	Orku- framleiðsla	Rafmagns- sala	Annað	Samtals
Tekjur 2015	803.806	345.575	238.920	1.388.301
Tekjur 2014	796.481	321.231	896.059	2.013.771

6. Framleiðslukostnaður og kostnaðarverð sölu

Framleiðslukostnaður og kostnaðarverð sölu greinist þannig:	2015	2014
Framleiðslukostnaður	3.347.618	3.225.678
Kostnaðarverð sölu	1.698.478	1.441.666
Kostnaðarverð þjónustu	324.888	955.322
Framleiðslukostnaður og kostnaðarverð sölu samtals	5.370.984	5.622.666

Framleiðslukostnaður og kostnaðarverð sölu greinist þannig eftir eðli kostnaðar:

Laun og launatengd gjöld	500.870	1.107.233
Afskriftir	1.395.811	1.350.750
Orkukaup	1.635.977	1.391.992
Orkuflutningur	546.985	508.380
Viðhald og annar kostnaður	1.291.341	1.264.311
Framleiðslukostnaður og kostnaðarverð sölu samtals	5.370.984	5.622.666

7. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

Laun og launatengd gjöld	191.709	210.831
Hækkun lífeyrisskuldbindingar	19.013	20.329
Stjórnunarkostnaður	389.601	237.729
Afskriftir	20.200	17.666
Annar rekstrarkostnaður samtals	620.523	486.555

Skýringar, frh.:

8. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2015	2014
Laun	612.808	1.096.060
Framlag í iðgjaldatengda lífeyrissjóði	66.686	121.276
Hækkun lífeyrisskuldbindingar	99.378	81.855
Önnur launatengd gjöld	77.089	151.088
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>855.961</u>	<u>1.450.279</u>
Meðalfjöldi starfsmanna umreiknaður í heilsársstörf	56	136

Laun og launatengd gjöld, að meðtalinni hækkun lífeyrisskuldbindingar, skiptast þannig:

Eignfært á framkvæmdir	64.004	58.474
Framleiðslukostnaður og kostnaðarverð sölu	500.870	1.107.233
Annar rekstrarkostnaður	210.722	231.160
Fært meðal annarrar heildarafkomu	80.365	53.412
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>855.961</u>	<u>1.450.279</u>

Þann 31. desember 2014 var nýr verksamningur milli HS Orku hf. og HS Veitna hf. undirritaður. Samningurinn kom í stað fyrri verksamnings milli sömu aðila frá 7. ágúst 2009. Í samkomulaginu fólst að 83 starfsmenn HS Orku færðust yfir til HS Veitna hf og urðu starfsmenn þess fyrirtækis frá og með 1. janúar 2015. Aðilar gerðu jafnframt með sér gagnkvæmt samkomulag um kaup og veitingu þjónustu. HS Veitur hf. kaupa þjónustu á sviði fjármála, reikningshalds, starfsmannahalds, gæðastjórnunar, skjalavörslu, almannatengsla og öryggisþjónustu frá HS Orku hf. HS Orka hf. kaupir þjónustu af HS Veitum hf. við þjónustuborð, orkureikningagerð, tölvuþjónustu, innheimtuþjónustu, innkaupa, birgðahalds og viðhalds eigna. Á árinu 2015 seldi HS Orka hf. HS Veitum hf. þjónustu fyrir 118 millj. kr. (2014: 646 millj. kr.).

Laun stjórnar og framkvæmdastjórnar námu 41 millj. kr. árið 2015 (2014: 58 millj. kr.).

9. Afskriftir og virðisryrnun

Afskriftir og virðisryrnun greinast þannig:	2015	2014
Afskriftir rekstrarfjármuna, sbr. skýringu 12	1.384.797	1.336.424
Afskriftir óefnislegra eigna, sbr. skýringu 14	31.214	31.992
Afskriftir færðar í rekstrarreikning	<u>1.416.011</u>	<u>1.368.416</u>
Afskriftir skiptast þannig:		
Framleiðslukostnaður og kostnaðarverð sölu	1.395.811	1.350.750
Annar rekstrarkostnaður	20.200	17.666
Afskriftir færðar í rekstrarreikning	<u>1.416.011</u>	<u>1.368.416</u>

10. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

Vaxtatekjur af lánum og kröfum	164.156	257.868
Gangvirðisbreytingar fjáreigna færðra á gangvirði gegnum rekstrarreikning	46.681	37.620
Gengishagnaður gjaldmiðla	197.239	12.836
Fjármunatekjur samtals	<u>408.076</u>	<u>308.324</u>
Vaxtagjöld	(268.436)	(340.433)
Verðbætur	(32.241)	(22.134)
Fjármagnsgjöld samtals	<u>(300.677)</u>	<u>(362.567)</u>
Gangvirðisbreyting gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamninga	0	424.615
Gangvirðisbreyting innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum	<u>(3.247.953)</u>	<u>(1.555.726)</u>
Hrein fjármagnsgjöld	<u>(3.140.554)</u>	<u>(1.185.354)</u>

Skýringar, frh.:

11. Tekjuskattur

Tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:			2015		2014
Uppruni og bakfærsla tímabundins mismunar			356.505	(36.871)
Virkt skatthlutfall greinist þannig:			2015		2014
(Tap) hagnaður ársins			(247.064)		735.783
Tekjuskattur			(356.505)		36.871
(Tap) hagnaður ársins fyrir tekjuskatt			(603.569)		772.654
Tekjuskattur skv. gildandi skatthlutfalli	20,0%	120.714	20,0%	(154.542)
Áhrif hlutdeildarféлага	39,1%	235.791	(15,2%)		117.671
Virkt tekjuskattshlutfall	59,1%	356.505	4,8%	(36.871)
Tekjuskattur færður meðal annarrar heildarafkomu greinist þannig:			2015		2014
Tekjuskattur af endurmati rekstrarfjármuna			(760.000)		0
Tekjuskattur af liðum sem aldrei verða endurflokkaðir í rekstrarreikning			16.073		10.682
Tekjuskattur færður í annarri heildarafkomu samtals			(743.927)		10.682

12. Rekstrarfjármunir

Endurmat rekstrarfjármuna

Orkuver félagsins í Svartsengi var endurmetið til gangvirðis þann 31. desember 2015. Við núvirðisútreikninga er notuð vaxtaþrósentia sem samsvarar vegnu meðaltali fjármagnskostnaðar (WACC) félagsins sem var 8,79%. Óvoguð beta var 0,58. Byggt var á þeirri forsendu að framtíðarvöxtur næmi 2,5% á ári. Sjóðstreymi var metið með því að nota 20 ára spátímabil og vænt framtíðarvirði var reiknað fyrir síðari tímabil. Endurmatið nam 3.800 millj. kr. Útreikningar voru gerðir af fjármálasviði HS Orku.

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Orkuver	Aðrir rekstrarfjármunir	Samtals
Kostnaðarverð			
Staða 1.1.2014	31.231.472	1.572.765	32.804.237
Viðbætur á árinu	820.100	133.209	953.309
Flutt af orkuveri í byggingu	85.193	0	85.193
Selt og aflagt	0	(21.462)	(21.462)
Staða 31.12.2014	32.136.765	1.684.512	33.821.277
Viðbætur á árinu	2.251.838	78.673	2.330.511
Flutt af orkuveri í byggingu	709.111	0	709.111
Endurmat 31.12.2015	3.800.000	0	3.800.000
Yfirtaka Vesturverks	0	2.496	2.496
Selt og aflagt	(5.340)	(29.675)	(35.015)
Jöfnun afskrifta	(1.401.222)	0	(1.401.222)
Staða 31.12.2015	37.491.152	1.736.006	39.227.158
Afskriftir			
Staða 1.1.2014	1.267.481	114.658	1.382.139
Afskriftir ársins	1.295.225	41.199	1.336.424
Selt og aflagt	0	(12.577)	(12.577)
Staða 31.12.2014	2.562.706	143.280	2.705.986
Afskriftir ársins	1.332.448	52.349	1.384.797
Selt og aflagt	(5.934)	(23.181)	(29.115)
Jöfnun afskrifta	(1.401.222)	0	(1.401.222)
Staða 31.12.2015	2.487.998	172.448	2.660.446

Skýringar, frh.:

12. Rekstrarfjármunir, frh.:

	Orkuver	Aðrir rekstrarfjármunir	Samtals
Bókfært verð			
1.1.2014	29.963.991	1.458.106	31.422.096
31.12.2014	29.574.059	1.541.231	31.115.291
31.12.2015	35.003.154	1.563.557	36.566.711
Bókfært verð án endurmats			
1.1.2014	22.356.043	1.387.569	23.743.612
31.12.2014	22.330.704	1.469.467	23.800.171
31.12.2015	24.318.441	1.496.515	25.814.956

Aðrir rekstrarfjármunir innifela land og byggingar að bókfærðu virði 1.140 millj. kr. (2014: 1.145 millj. kr.). Reykjanesvirkjun var endurmetin 31. desember 2012. Aðrar eignir voru endurmetnar 1. janúar 2008.

Fasteignamat og váttryggingarverð

Fasteignamat bygginga félagsins nam 2.733 millj. kr. í árslok 2015 (2014: 2.639 millj. kr.). Fasteignamat lands nam 1.846 millj. kr. (2014: 1.689 millj. kr.). Váttryggingafjárhæð eigna félagsins nam 46.420 millj. kr. (2014: 45.612 millj. kr.).

Skuldbinding vegna öflunar rekstrarfjármuna

Félagið byrjaði á árinu 2015 byggingu frárennslislagnar frá Svartsengi, vinnu við byggingu lagnarinnar var ekki lokið og mun hluti fjárfestingarinnar falla til á árinu 2016. Félagið hefur gert samning um borun holu í Svartsengi sem mun klárast á árinu 2016. Vinnu við tengingu niðurdælingarholu á Reykjanesi var seinkað og mun ljúka á árinu 2016. Heildar skuldbinding vegna framangreindra fjárfestinga á árinu 2016 er áætluð 511 millj. kr.

Veðsetning eigna

Virkjanir félagsins á Reykjanesi og í Svartsengi eru veðsettar til tryggingar bankalánnum að fjárhæð 8.762 millj. kr. (2014: 10.622 millj. kr.).

13. Rekstrarfjármunir í byggingu

Rekstrarfjármunir í byggingu greinast þannig:	2015	2014
Bókfært verð 1.1.	3.818.171	3.841.191
Viðbætur	42.210	62.173
Flutt á rekstrarfjármuni	(709.111)	(85.193)
Bókfært verð 31.12.	<u>3.151.270</u>	<u>3.818.171</u>

Rekstrarfjármunir í byggingu samstanda af eignfærðum kostnaði vegna stækkunar raforkuvers á Reykjanesi sem áætlað er að muni afhenda raforku til Norðuráls Helguvíkur ehf. („Norðurál“ með tengdum félögum) (dótturfélag Century Aluminium) fyrir nýtt álver í Helguvík (staðsett í Reykjanesbæ). Árið 2007 gerðu HS Orka hf. og Norðurál með sér samning um sölu á raforku til nýs álvers í Helguvík. Ágreiningur ríkti um samninginn við Norðurál árið 2010 og fór Norðurál með málið fyrir gerðardóm til að komast að niðurstöðu um lögmæti samningsins. Úrskurður í málinu var kveðinn upp 16. desember 2011. Samkvæmt úrskurðinum er samningurinn frá 2007 í gildi en sum skilyrði hans hafa ekki verið uppfyllt. HS Orka hf. höfðaði á árinu 2014 nýtt gerðardómsmál til að fá úrskurð um gildi sölusamningsins. Málið var höfðað 10. júlí 2014. Gerðardómarar hafa verið skipaðir og mun málf lutningur fara fram í apríl 2016.

Visbendingar um virðisrýrnun

Rekstrarfjármunir í byggingu voru prófaðir með tilliti til virðisrýrnunar miðað við 31. desember 2015 með því að ákvarða endurheimtanlega fjárhæð þeirra. Ekki voru merki um virðisrýrnun. Virðisrýrnunarprófið er byggt á mörgum forsendum, þar á meðal um tímasetningu verkefnisins (stækkun Reykjanesvirkjunar) vegna gerðardómsmáls við Norðurál, forsendna um verð og markaðsaðstæður, viðeigandi ávöxtunarkröfu og fjármögnun verkefnisins, sem kynnu að hafa áhrif á endurheimtanlegt virði eignanna.

Skýringar, frh.:

14. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir greinast þannig:

	Hugbúnaður	Próunar- kostnaður	Samtals
Kostnaðarverð			
Staða 1.1.2014	295.272	1.088.433	1.383.706
Viðbætur á árinu	4.086	97.042	101.128
Staða 31.12.2014	299.358	1.185.475	1.484.834
Viðbætur á árinu	21.793	96.175	117.968
Yfirtaka Vesturverks	0	264.273	264.273
Staða 31.12.2015	321.151	1.545.923	1.867.075
Afskriftir			
Staða 1.1.2014	186.729	146.241	332.970
Afskriftir ársins	31.992	0	31.992
Staða 31.12.2014	218.721	146.241	364.962
Afskriftir ársins	31.214	0	31.214
Staða 31.12.2015	249.935	146.241	396.176
Bókfært verð			
1.1.2014	108.544	942.193	1.050.737
31.12.2014	80.638	1.039.234	1.119.872
31.12.2015	71.217	1.399.682	1.470.899

Virðispróf 2015

Próunarkostnaður samanstendur af kostnaði vegna tilraunaborana við Trölladyngju, Krýsuvík og Eldvörp. Viðeigandi kostnaður er eignfærður að því marki sem talið er að mögulegur framtíðarhagnaður muni vega upp kostnaðinn við fjárfestinguna. HS Orka hefur fengið rannsóknarleyfi fyrir þessi svæði og samkvæmt stjórnendum þess eru niðurstöður greininga jákvæðar. Ef ljóst þykir að próunarkostnaður verði ekki nýttur af félaginu til tekjusköpunar gjaldfærir hann sem virðisryrnun. Stjórnendur hafa staðfest að framangreind verkefni eru framkvæmanleg og að þau muni að öllum líkindum skapa framtíðartekjur. Árlegt mat á vísendingum um virðisryrnun fór fram í árslok 2015 og er vænt arðsemi verkefnanna umfram eignfærðan kostnað.

Trölladyngja

Á árinu 2012 samþykkti Alþingi Íslendinga Rammaáætlun II, sem flokkar núverandi virkjanakosti vatnsafls og jarðvarma í þrjá flokka; verndarflokk, biðflokk og nýtingarflokk. Trölladyngjusvæðið er flokkað í biðflokk sem þýðir að frekari upplýsinga, rannsókna og gagna er óskað. Bókfært virði framkvæmda við Trölladyngju var í árslok 2015 683 millj. kr.

Skýringar, frh.:

15. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum greinast þannig:

	2015		2014	
	Eignarhlutur	Bókfært verð	Eignarhlutur	Bókfært verð
Bláa Lónið hf.	30,0%	1.618.112	33,0%	894.822
DMM-lausnir ehf.	27,2%	19.919	27,2%	22.669
Suðurorka ehf.	50,0%	235.637	50,0%	219.637
Vesturverk ehf.	-	0	35,6%	60.000
HS Orkurannsóknir ehf.	100,0%	500	100,0%	500
Samtals		<u>1.874.168</u>		<u>1.197.628</u>

Hlutdeild félagsins í hagnaði hlutdeildarfélaga á árinu 2015 nam 1.179 millj. kr. (2014: 588 millj. kr.). Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga er byggð á óendurskoðuðum fjárhagsupplýsingum. Þýðingarmunur á árinu var neikvæður um 96 millj. kr. (2014: neikvæður um 14 millj. kr.).

Á árinu varð Vesturverk ehf. dótturfélag í 52,49% eigu HS Orku hf í lok ársins 2015 og er nú hluti af samstæðu HS Orku hf.

Félagið jók hlut sinn í Suðurorku ehf., sameiginlegu verkefni um þróun Búlandsvirkjunar, um 16 millj. kr. á árinu.

Bláa Lónið gaf út nýtt hlutafé á árinu sem þynnti eignarhluta félagsins í því. Fyrir hlutafjárútgáfuna var hlutur HS Orku 33,03% en er nú 30,03%. Heildaráhrif hlutafjárukningarinnar og þynningar færð í rekstrarreikning voru 447 millj. kr.

Afcoma HS Orkurannsóknna ehf. er ekki færð meðal hlutdeildar í hlutdeildarfélögum þar sem engin starfsemi var í félaginu á árinu.

16. Fjárfesting í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:

	2015		2014	
	Eignarhlutur	Bókfært verð	Eignarhlutur	Bókfært verð
Keilir ehf.	10,2%	17.500	10,2%	17.500
Vistorka hf.	8,1%	<u>9.575</u>	8,1%	<u>9.575</u>
Samtals		<u>27.075</u>		<u>27.075</u>

17. Skuldabréfaeign

	2015	2014
Langtíma skuldabréfaeign		
Skuldabréf Reykjanesbæjar	<u>193.886</u>	<u>253.457</u>
Skammtíma skuldabréfaeign		
Skuldabréf Reykjanesbæjar	<u>77.554</u>	<u>79.205</u>
Samtals	<u>271.440</u>	<u>332.662</u>

Skuldabréfið er vaxtaberandi fjáreign sem færð er á gangvirði gegnum rekstrarreikning, að fjárhæð 271 millj. kr. þann 31. desember 2015 (2014: 333 millj. kr.) ber 5% nafnvexti að viðbættum verðbótum. Skuldabréfið er með jafnar árlegar afborganir með lokagjalddaga á árinu 2019. Skuldabréfið er metið með 5,0% vöxtum. Reykjanesbær hefur staðið í skilum með afborganir af skuldabréfinu og eru engar gjaldfallnar afborganir ógreiddar. Hins vegar hafa verið upp vísbendingar um óvissa fjárhagsstöðu Reykjanesbæjar og þar af leiðandi er ákveðin óvissa um endurheimtur af skuldabréfinu þar sem sveitarfélagið er nú að endursemla við lánardrottna sína um endurskipulagningu skulda. Óvist er hvort þessar viðræður muni hafa áhrif á HS Orku.

Skýringar, frh.:

18. Fyrirframgreidd leiga og nýtingarréttur

Stjórn félagsins nýtti rétt sinn til að breyta langtímakröfu á Grindavíkurbæ vegna sölu á landi í fyrirframgreidda leigu og nýtingarrétt. Fyrirframgreidd leiga og nýtingarréttur eru flokkuð sem langtímakrafa og munu gjaldfærast á eftirstöðvum líftímans (60 ár).

19. Kröfur

Langtímakröfur

Breytingar á langtímakröfu á HS Veitur (skýring 35) eru eftirfarandi:	2015	2014
Langtímakrafa á HS veitur hf. vegna lífeyrisskuldbindinga 1.1.	395.544	331.364
Hlutdeild HS Veitna í hækkun lífeyrisskuldbindinga	149.068	110.612
Innheimt frá HS Veitum	(40.593)	(46.432)
Langtímakrafa á HS veitur hf. vegna lífeyrisskuldbindinga 31.12.	<u>504.019</u>	<u>395.544</u>

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinast þannig:

Viðskiptakröfur	1.071.586	944.149
Krafa á HS veitur hf.	209.390	240.649
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(26.830)	(26.830)
Viðskiptakröfur samtals	<u>1.254.146</u>	<u>1.157.968</u>
Aðrar skammtímakröfur	<u>112.972</u>	<u>120.213</u>
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samtals	<u>1.367.118</u>	<u>1.278.181</u>

Greint er frá láns- og gjaldmiðlagengisáhættu félagsins og virðisrýrnun viðskiptakrafna og annarra skammtímakrafna í skýringu 29.

20. Skammtímafjárfesting

Félagið hefur fjárfest í skammtímaverðbréfum að verðmæti 907 millj. kr. í árslok (2014: 401 millj. kr.). Gangvirði skammtímafjárfestingarinnar er byggt á uppgefnu verði frá miðlara.

21. Handbært fé

Handbært fé greinist þannig:	2015	2014
Óbundnar bankainnistæður	<u>1.424.226</u>	<u>3.769.443</u>

Í árslok 2015 voru 583 millj. kr. eða 4,5 millj. USD (2014: 571 millj. kr., 4,5 millj. USD) af handbæru fé bundnar til tryggingar endurgreiðslu lána í samræmi við tryggingasamkomulag sem félagið gerði við lánardrottina sína í mars 2010.

Greint er frá vaxtaáhættu félagsins og næmigreiningu vegna fjáreigna og fjárskulda í skýringu 29.

Skýringar, frh.:

22. Eigið fé

Hlutfé

Heildarhlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 7.841 millj. kr. (2014: 7.841 millj. kr.). Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hluta í félaginu, auk réttar til arðgreiðslu. Allt hlutfé félagsins hefur verið greitt.

Útistandandi hlutir	2015	2014
Útistandandi hlutir á árinu	<u>7.841.124</u>	<u>7.841.124</u>

Yfirverðreikningur hlutfjár

Yfirverðreikningur hlutfjár sýnir það sem hluthafar félagsins hafa greitt umfram nafnverð hlutfjár sem félagið hefur selt. Samkvæmt lögum um hlutfélög skal félagið binda 25% af nafnverði hlutfjár í varasjóði, sem ekki má nota til að greiða hluthöfum arð.

Þýðingarmunur

Þýðingarmunar samanstendur af hlutdeild félagsins í gengismun sem verður til við þýðingu reikningsskila hlutdeildarféлага yfir í íslenskar krónur.

Endurmatsreikningur

Endurmatsreikningurinn samanstendur af endurmati rekstrarfjármuna félagsins að frádregnum tekjuskatti. Óheimilt er að ráðstafa endurmatsreikningi til hluthafa félagsins í formi arðgreiðslna.

Hlutdeild annarra eigenda

Hlutdeild annarra eigenda sýnir eignarhluta þriðja aðila í rekstri sem er hluti af samstæðu HS Orku.

Arður

Greiddur arður á árinu 2015 nam 320 millj. kr. (2014: 220 millj. kr.).

Stjórn félagsins leggur til að arður að fjárhæð 360 millj. kr. (0,05 kr. á hlut) verði greiddur til hluthafa á árinu 2016.

23. Hagnaður (tap) á hlut

Grunn- og þynnt (tap) hagnaður á hlut

	2015	2014
(Tap) hagnaður ársins	<u>(247.064)</u>	<u>735.783</u>

Vegið meðaltal útistandandi hluta

Veginn meðalfjöldi útistandandi hluta	<u>7.841.124</u>	<u>7.841.124</u>
Grunn- og þynnt (tap) hagnaður á hlut	<u>(0,03)</u>	<u>0,09</u>

Skýringar, frh.:

24. Vaxtaberandi skuldir

Þessi skýring veitir upplýsingar um samningsbundin lánskjör af lántökum félagsins, sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði. Skýring 29 inniheldur frekari upplýsingar um vaxtaáhættu, gjaldmiðlagengisáhættu og lausafjánhættu.

	2015	2014
Langtímaskuldir		
Óveðtryggð bankalán	245.993	336.116
Veðtryggð bankalán með fjárhagsskilyrðum	8.762.328	10.622.127
Óveðtryggð skuldabréfaútgáfa	937.336	1.437.447
Næsta árs afborganir	(2.264.472)	(2.263.830)
Vaxtaberandi langtímaskuldir	<u>7.681.185</u>	<u>10.131.860</u>
Skammtímaskuldir		
Næsta árs afborganir langtímaskulda	2.264.472	2.263.830
Vaxtaberandi skammtímaskuldir	<u>2.264.472</u>	<u>2.263.830</u>
Vaxtaberandi skuldir samtals	<u>9.945.657</u>	<u>12.395.690</u>

Skilmálar vaxtaberandi skulda

Lokagjalddagar	2015		2014		
	Meðalvextir	Bókfært verð	Meðalvextir	Bókfært verð	
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum:					
Skuldir í USD	2019-2023	2,1%	1.990.619	2,0%	2.342.215
Skuldir í CHF	2021-2022	1,8%	2.892.542	2,1%	3.334.573
Skuldir í EUR	2019-2021	2,6%	1.593.130	2,8%	2.141.729
Skuldir í JPY	2021-2023	1,3%	882.898	1,4%	1.006.639
Skuldir í CAD	2021-2023	1,2%	708.799	1,7%	943.577
Skuldir í SEK	2021	2,3%	434.346	3,1%	541.231
Skuldir í GBP	2021	0,9%	259.993	0,9%	312.163
			<u>8.762.327</u>		<u>10.622.127</u>
Skuldir í íslenskum krónum:					
Verðtryggðar	2016-2017	4,0%	937.337	4,0%	1.512.196
Önnur lán í ISK	2031	6,8%	245.993	6,8%	261.367
			<u>1.183.330</u>		<u>1.773.563</u>
Vaxtaberandi skuldir samtals			<u>9.945.657</u>		<u>12.395.690</u>

Afborganir langtímaskulda greinast þannig á næstu ár:

	2015	2014
Árið 2016/2015	2.264.472	2.263.830
Árið 2017/2016	1.936.822	2.287.526
Árið 2018/2017	1.631.979	1.967.895
Árið 2019/2018	1.631.979	1.669.019
Árið 2020/2019	1.086.084	1.669.019
Síðar	1.394.321	2.538.401
Vaxtaberandi skuldir samtals	<u>9.945.657</u>	<u>12.395.690</u>

Fjárhagsskilyrði

Félagið uppfyllti í á árinu 2015 öll fjárhagsskilyrði lánasamninga.

Skýringar, frh.:

25. Lífeyrisskuldbinding

Samkvæmt mati tryggingastærðfræðinga námu áfallnar lífeyrisskuldbindingar félagsins 2.052 millj. kr. í árslok 2015 (2014: 1.895 millj. kr.), núvirt miðað við 2% vexti og að teknu tilliti til hlutdeildar í hreinni eign lífeyrissjóðanna. Forsendur um lífslíkur, dánartíðni og núvirðingarhlutfall eru í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Áætluð hækkun skuldbindingarinnar á árinu 2015 byggir á almennri hækkun launa, að teknu tilliti til vaxta. Lífeyrisskuldbinding félagsins er ófjármögnuð.

Hluti lífeyrisskuldbindingarinnar er vegna þeirra starfsmanna félagsins sem veita HS Veitum hf. þjónustu. HS Veitur hf. taka þátt í kostnaði vegna hækkunar á lífeyrisskuldbindingum vegna þessara starfsmanna. Hlutdeild HS Veitna hf. í hækkun lífeyrisskuldbindingarinnar á árinu nam 149 millj. kr. (2014: 64 millj. kr.) og er færð sem langtímakrafa á HS Veitur hf. Tryggingafræðilegur hagnaður og tap tengt hlutdeild HS Veitna hf. í lífeyrisskuldbindingunni er færður meðal framleiðslukostnaðar og kostnaðarveðs sölu þar sem hann er endurheimtur af HS Veitum hf. (sjá skýringu 35).

	2015	2014
Lífeyrisskuldbinding 1.1.	1.894.500	1.792.000
Framlag vegna lífeyrisgreiðslna á árinu	(119.064)	(81.855)
Þjónustukostnaður	9.366	21.262
Vaxtakostnaður	38.165	35.938
Tryggingafræðileg breyting, hlutur HS Orku færður í aðra heildarafkomu	80.365	53.413
Tryggingafræðileg breyting, hlutur HS Veitna færður í rekstrarreikning	149.068	73.742
Lífeyrisskuldbinding 31.12.	<u>2.052.400</u>	<u>1.894.500</u>

Lífeyrisskuldbindingin greinist þannig:

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	1.036.500	956.400
Eftirlaunasjóður starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar	603.900	563.200
Lífeyrissjóður starfsmanna Vestmannaeyjabæjar	412.000	374.900
Lífeyrisskuldbinding 31.12.	<u>2.052.400</u>	<u>1.894.500</u>

26. Tekjuskattsskuldbinding

Breyting tekjuskattsskuldbindingar félagsins greinist þannig:

	2015	2014
Tekjuskattsskuldbinding 1.1.	(658.153)	(631.964)
Tekjuskattsskuldbinding færð inn við yfirtöku Vesturverks	(35.240)	0
Breytingar færðar í rekstrarreikning	356.505	(36.871)
Breytingar færðar í aðra heildarafkomu	(743.927)	10.682
Tekjuskattsskuldbinding 31.12.	<u>(1.080.815)</u>	<u>(658.153)</u>

Tekjuskattsskuldbinding félagsins greinist þannig:

Rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir	(2.388.343)	(1.456.123)
Afleiður	936.220	286.629
Rekstrarvörubirgðir	4.786	4.792
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur	5.366	5.366
Langtímakröfur	(100.804)	0
Lífeyrisskuldbinding	410.480	299.791
Frestun gengismunar	(27.154)	(108.524)
Yfirfæranlegt skattalegt tap	78.634	309.916
Tekjuskattsskuldbinding 31.12.	<u>(1.080.815)</u>	<u>(658.153)</u>

Yfirfæranlegt skattalegt tap er nýtanlegt í 10 ár frá myndun þess. Yfirfæranlegt skattalegt tap nam í árslok 393 millj. kr. og nýttist til ársins 2018 (2014: 1.550 millj. kr.). Stjórnendur telja á grundvelli framtíðarspár þeirra að nægur skattaskyldur hagnaður verði í framtíðinni til að nýta yfirfæranlega skattalega tapið.

Skýringar, frh.:

27. Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum

Á árinu 2004 gerði félagið samning við Norðurál um sölu á raforku til ársins 2026. Félagið gerði á árinu 1999 samning við Landsvirkjun um sölu á raforku til ársins 2019. Samningarnir eru í bandaríkjadollurum og eru tengdir við álverð.

Raforkusölusamningar félagsins til langs tíma fela í sér innbyggðar afleiður þar sem tekjur af þeim eru háðar breytingum á álverði í framtíðinni.

Við mat á virði innbyggðra afleiða er beitt viðurkenndum matsaðferðum þar sem markaðsverð liggur ekki fyrir. Gangvirði samninganna er reiknað miðað við framvirkt verð á áli. Vænt núvirði greiðsluflæðis á uppgjörssdegi er reiknað miðað við skráð framvirkt verð á áli hjá LME (London Metal Exchange) næstu 10 árin eftir uppgjörssdag og væntingar um verðþróun á áli þegar framvirkum markaði lýkur. Framtíðarvöxtur fyrir útreikninginn var 2,53% (2014: 2,27%). Frá þessu virði hefur verið dregið vænt núvirði greiðsluflæðis á samningsdegi miðað við forsendur um álverð sem lágú til grundvallar samningsgerðinni. Mismunurinn er gangvirðisbreyting afleiðunnar sem færð er í rekstrarreikning. Gert er ráð fyrir að innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum séu verðlausar á upphafsdegi samninga.

Við útreikning núvirðis notar félagið núverandi vaxtakúrfu vaxtalausra bandarískra ríkisverðbréfa að viðbættu mótaðilaálagi sem reiknað er á grundvelli lánshæfis mótaðila.

Félagið hefur að auki gert raforkusölusamninga við Landsvirkjun þar sem verð orku er háð gjaldskrá Landsvirkjunar, sem byggir á verðtryggingu í íslenskum krónum. Ekki eru skilgreindar innbyggðar afleiður í þeim samningum.

Gangvirði innbyggðra afleiða greinist þannig:	2015	2014
Gangvirði innbyggðra afleiða 1.1.	(1.433.146)	122.581
Breyting á gangvirði	(3.247.953)	(1.555.727)
Gangvirði innbyggðra afleiða 31.12.	(4.681.099)	(1.433.146)

Vextir við mat á gangvirði innbyggðra afleiða er eftirfarandi:	2015	2014
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum (USD)	1.55 - 4.06%	1.26 - 4.84%

Við er til skýringar 29 um næmi álverðs og vaxta.

28. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:	2015	2014
Viðskiptaskuldir	615.930	555.530
Fyrirframinnheimtar tekjur tengdar styrkjum	741.143	0
Aðrar skammtímaskuldir	536.360	966.073
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals	1.893.433	1.521.603

Greint er frá gjaldmiðla- og lausafjánhættu vegna viðskiptaskulda og annarra skammtímaskulda í skýringu 29.

29. Fjármálagerningar

Yfirlit

Þær fjárhagslegu áhættur sem félagið býr við eru: lánssáhætta, lausafjánhætta og markaðsáhætta. Markaðsáhætta samanstendur af vaxtaáhættu og gjaldmiðlagengisáhættu.

Í þessari skýringu eru veittar upplýsingar um framangreindar áhættur, markmið, stefnu og aðferðir félagsins við að meta og draga úr áhættu, auk upplýsinga um eiginfjárstýringu þess. Að auki eru veittar tölulegar upplýsingar víðar í ársreikningnum.

Skýringar, frh.:

29. Fjármálagæringar, frh.:

Skípulag stýringar fjármálagæringar áhættu

Áhættustýring er framkvæmd af stjórnendum félagsins í samræmi við reglur sem stjórn félagsins samþykkir. Stjórnendur greina, meta og stýra fjármálagæringu áhættu í náinni samvinnu við stjórn félagsins. Áhættustýring félagsins leggur áherslu á að takast á við ófyrirsjáanleika fjármálagæringa og leitast við að lágmarka möguleg óhagstæð áhrif á afkomu félagsins. Félagið tekur ákvarðanir um hvort nota eigi afleiðusamninga til að verjast vissri tegund áhættu ef slíkir samningar bjóðast. Félagið beitir ekki áhættuvörnum nema vegna hluta gjaldmiðlagengisáhættu þar sem tekjur í dollurum eru notaðar sem vörn vegna lána í dollurum.

Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi félagsins ef viðskiptavinur eða mótaðili í fjármálagæringu getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta félagsins er einkum vegna viðskiptakrafna.

Lánsáhætta félagsins ræðst helst af einkennum hvers og eins viðskiptamanns. Um 42% (2014: 50%) af tekjum félagsins tengjast sölu til tveggja stærstu viðskiptamanna þess. Viðskiptakröfur eru kröfur á viðskiptavinum í smásölu, fyrirtæki, stórnotendur og orkufyrirtæki.

Félagið hefur sett útlánareglur þar sem allir nýir stórir viðskiptavinir eru metnir. Greiðslusaga þessara viðskiptavina er könnuð.

Flestir viðskiptamenn félagsins hafa átt í áralöngum viðskiptum við það og tapaðar viðskiptakröfur hafa verið óverulegar í hlutfalli af veltu. Við stýringu lánsáhættu vegna viðskiptavina er meðal annars horft til aldurs krafna og fjárhagsstöðu einstakra viðskiptamanna. Innheimtustjóri skoðar reglulega tölulegar upplýsingar um aldur viðskiptakrafna. Viðskiptamenn sem ekki standa í skilum geta ekki átt frekari viðskipti við félagið nema greiða niður skuldir sínar eða innheimtudeild félagsins samþykki frekari úttektir á grundvelli samkomulags.

Félagið myndar niðurfærslu vegna áætlaðrar virðisrýrnunar viðskiptakrafna og annarra krafna. Niðurfærslan er í meginatriðum sérstök niðurfærsla vegna einstakra verulegra viðskiptakrafna og sameiginleg niðurfærsla fyrir fyrirtæki með sambærilegar kröfur með tilliti til tapa sem eru áfallin en ekki enn greind. Sameiginlega niðurfærslan er ákveðin með tilliti til innheimtusögu sambærilegra krafna.

Mögulegt tap vegna lánsáhættu

Mesta mögulega tap félagsins vegna fjáreigna er bókfært verð þeirra, sem var eftirfarandi í árslok:

	Skýringar	2015	2014
Skuldabréf	17	271.440	332.662
Langtímakröfur	21	504.019	395.544
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	21	1.367.118	1.278.181
Skammtímafjárfestingar	22	907.175	400.540
Bundnar bankainnstæður	34	741.143	0
Handbært fé	23	1.424.226	3.769.443
		<u>5.215.121</u>	<u>6.176.370</u>

Mesta mögulega lánsáhætta viðskiptakrafna, án tillits til virðisrýrnunar, á reikningsskiladegi eftir viðskiptavinum var eftirfarandi:

Stórnotendur og orkufyrirtæki	224.550	326.335
Kröfur á HS Veitur	209.390	223.720
Aðrir viðskiptavinir	847.036	634.743
	<u>1.280.976</u>	<u>1.184.798</u>

Skýringar, frh.:

29. Fjármálagæringar, frh.:

Lánsáhætta, frh.:

Virðisrýrnun

Aldursgreining viðskiptakrafna og niðurfærsla á reikningskiladegi voru eftirfarandi:

	2015		2014	
	Brúttó staða	Virðisrýrnun	Brúttó staða	Virðisrýrnun
Ógjaldfallnar kröfur	1.148.435	746	1.052.257	7.702
Gjaldfallnar 0 - 30 daga	35.049	380	35.049	602
Gjaldfallnar 31 - 60 daga	5.764	311	5.764	550
Gjaldfallnar 61 - 90 daga	1.687	618	1.687	325
Gjaldfallnar eldri en 90 daga	90.041	24.775	90.041	17.651
	<u>1.280.976</u>	<u>26.830</u>	<u>1.184.798</u>	<u>26.830</u>

Virðisrýrnun viðskiptakrafna er eingöngu vegna annarra viðskiptavina.

Breytingar á niðurfærslu vegna virðisrýrnunar krafna á árinu greinist þannig:	2015	2014
Staða 1.1.	26.830	26.830
Afskrifað á árinu	(15.364)	(11.749)
Gjaldfærð virðisrýrnun	15.364	11.749
Staða 31.12.	<u>26.830</u>	<u>26.830</u>

Aðrar fjáreignir með lánsáhætta eru ekki niðurfærðar.

Lausafjárahætta

Lausafjárahætta er hættan á því að félagið geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Félagið stýrir lausafé á þann hátt að tryggt sé, eins og hægt er, að það hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla, hvort sem er undir venjulegum og óvenjulegum kringumstæðum, án þess að verða fyrir óásættanlegu tapi og forðast að skaða orðspor félagsins. Í árslok 2015 átt félagið handbært fé og skammtímafjárfestingar að fjárhæð 3.071 millj. kr. (2014: 4.170 millj. kr.).

Félagið hefur ekki gert samninga um ný lán og á engar ónýttar lánsheimildir í árslok 2015 og 2014.

Lausafjárahætta

Samningsbundnar greiðslur vegna fjárskulda, þar með taldar væntanlegar vaxtagreiðslur, greinast þannig:

	Bókfært verð	Samnings- bundið sjóðsflæði	Innan árs	Eftir 1 - 2 ár	Eftir 2 -5 ár	Eftir meira en 5 ár
31. desember 2015						
Vaxtaberandi						
skuldir	9.945.657	10.596.049	2.463.335	2.083.895	4.587.565	1.461.254
ESB styrkur	741.143	741.143	741.143			
Viðskiptaskuldir og aðrar						
skammtímask.	1.893.433	1.893.433	1.893.433			
31. desember 2014						
Vaxtaberandi						
skuldir	12.395.690	13.524.993	2.562.866	2.551.341	5.746.497	2.664.289
Viðskiptaskuldir og aðrar						
skammtímask.	1.521.603	1.521.603	1.521.603			

Skýringar, frh.:

29. Fjármálagerningar, frh.:

Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar í markaðsverði erlendra gjaldmiðla, álverðs og vaxta hafi áhrif á afkomu félagsins eða virði fjármálagerninga. Markmið með stýringu markaðsáhhættu er að stýra og takmarka áhhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður. Markaðsáhætta félagsins samanstendur af gjaldmiðlagengisáhhættu, álverðsáhhættu og vaxtaáhhættu.

Vaxtaáhhætta

Lántökur félagsins eru að mestu með breytilegum vöxtum. Vegna núverandi markaðsástands á Íslandi ver félagið sig ekki gegn vaxtaáhhættu.

Vaxtaáhhætta

Vaxtaberandi fjáreignir og fjárskuldir greinast með eftirfarandi hætti í lok ársins:

	2015	2014
Fjármálagerningar með fasta vexti		
Fjáreignir	271.440	332.662
Fjárskuldir	(937.337)	(1.512.196)
	<u>(665.897)</u>	<u>(1.179.534)</u>
Fjármálagerningar með breytilega vexti		
Fjáreignir	2.165.369	3.769.443
Fjárskuldir	(9.008.320)	(10.883.494)
	<u>(6.842.951)</u>	<u>(7.114.051)</u>
Afleiður		
Innbyggðar afleiður	(4.681.099)	(1.433.146)
	<u>(4.681.099)</u>	<u>(1.433.146)</u>

Gjaldmiðlagengisáhhætta

Félagið býr við gengisáhhættu vegna sölusamninga, innkaupa og lántöku í öðrum gjaldmiðlum en íslenskum krónum (ISK). Þeir gjaldmiðlar sem einkum skapa gengisáhhættu eru bandaríkjadollar (USD), svissneskur franki (CHF), evra (EUR), kanadískur dollarar (CAD), sænsk króna (SEK), breskt pund (GBP) og japanskt jen (JPY).

Félagið notar hvorki framvirka gjaldmiðlasamninga né aðra afleiðusamninga til að verjast gjaldmiðlagengisáhhættu. Félagið ver hluta af tekjum sínum í dollurum óbeint gegn gjaldmiðlagengisáhhættu með lántöku í bandaríkjadollurum. Í árslok átti félagið 863 millj. kr. (2014: 807 millj. kr.) í bandaríkjadollurum í handbæru fé á móti endurgreiðslum félagsins á lánum í erlendum gjaldmiðlum.

Skýringar, frh.:

29. Fjármálagerningar, frh.:

Mögulegt tap vegna gjaldmiðlagengisáhættu

Gjaldmiðlagengisáhætta félagsins miðað við nafnverðsfjárhæðir er eftirfarandi:

	CHF	EUR	USD	JPY	CAD	Aðrir gjaldmiðlar
2015						
Viðskiptakröfur		13.812	343.643			
Bundnar						
bankainnstæður .		741.143				
Handbært fé	87	343.482	858.104	5	4	407
Vaxtaberandi						
skuldir	(2.892.542)	(1.593.130)	(1.990.619)	(882.898)	(708.799)	(694.339)
ESB styrkur		(741.143)				
Viðskiptaskuldir		(339.306)	(20.443)			(1.702)
Afleiðusamningar			(4.681.099)			
Áhætta í efnahags- reikningi	(2.892.455)	(1.575.142)	(5.490.414)	(882.893)	(708.795)	(695.634)
2014						
Viðskiptakröfur		6.509	171.194			
Handbært fé	85	18.968	807.245	4	4	412
Vaxtaberandi						
skuldir	(3.334.573)	(2.141.729)	(2.342.215)	(1.006.639)	(943.577)	(853.394)
Viðskiptaskuldir			(61.653)		(9.277)	(152)
Afleiðusamningar			(1.433.146)			
Áhætta í efnahags- reikningi	(3.334.488)	(2.116.252)	(2.858.575)	(1.006.635)	(952.850)	(853.134)
Gengi helstu gjaldmiðla var eftirfarandi á árinu:			Meðalgengi		Árslokagengi	
			2015	2014	2015	2014
CHF			137,08	127,86	130,50	128,65
EUR			146,30	155,26	141,32	154,70
USD			131,85	117,03	129,59	127,20
JPY			1,09	1,11	1,08	1,07
CAD			103,25	106,02	93,27	109,91

Næmigreining

Styrking íslensku krónunnar um 10% gagnvart eftirfarandi gjaldmiðlum þann 31. desember hefði hækkað (lækkað) afkomu ársins eftir tekjuskatt um eftirfarandi fjárhæðir. Greiningin byggir á því að allar aðrar breytur, sérstaklega vextir, haldist stöðugar. Greiningin var unnin með sama hætti fyrir árið 2014.

	Hagnaður (tap)	
	2015	2014
CHF	231.396	266.759
EUR	126.011	169.300
USD	439.233	226.686
JPY	70.631	80.531
CAD	56.704	76.228
Aðrir gjaldmiðlar	55.651	68.251

Veiking íslensku krónunnar um 10% gagnvart ofangreindum gjaldmiðlum þann 31. desember hefði haft öfug áhrif sömu fjárhæðar á afkomu ársins eftir tekjuskatt og getið er um að ofan, að því gefnu að aðrar breytur haldist stöðugar. Greiningin var unnin með sama hætti fyrir árið 2014.

Skýringar, frh.:

29. Fjármálagerningar, frh.:

Næmigreining gangvirðis fjármálagerninga með fasta vexti

Breyting á vöxtum á uppgjörssdegi um 100 punkta myndi hækka (lækka) afkomu og aðra heildarafkomu um eftirfarandi fjárhæðir eftir tekjuskatt. Þessi greining byggir á þeirri forsendu að allar aðrar breytur, sérstaklega gengi erlendra gjaldmiðla, haldist óbreyttar. Greiningin var unnin með sama hætti fyrir árið 2014.

	Önnur heildarafkoma		Afkoma	
	100 punkta hækkun	100 punkta lækkun	100 punkta hækkun	100 punkta lækkun
2015				
Fjáreignir	0	0	(3.837)	3.968
Næmigreining gangvirðis, nettó	0	0	(3.837)	3.968
2014				
Fjáreignir	0	0	(5.763)	5.996
Næmigreining gangvirðis, nettó	0	0	(5.763)	5.996

29. Fjármálagerningar, frh.:

Næmigreining sjóðstreymis vegna breytilegra vaxta

Breyting á vöxtum á uppgjörssdegi um 100 punkta myndi hækka (lækka) afkomu um eftirfarandi fjárhæðir eftir tekjuskatt. Þessi greining byggir á þeirri forsendu að allar aðrar breytur, sérstaklega gengi erlendra gjaldmiðla, haldist óbreyttar. Greiningin var unnin með sama hætti fyrir árið 2014.

	Afkoma	
	100 punkta hækkun	100 punkta lækkun
2015		
Fjármálagerningar með breytilega vexti	(63.410)	63.410
Næmigreining sjóðstreymis, nettó	(63.410)	63.410
2014		
Fjármálagerningar með breytilega vexti	(56.912)	56.912
Næmigreining sjóðstreymis, nettó	(56.912)	56.912

Næmigreining á gangvirði afleiða

Breyting á vöxtum á uppgjörssdegi um 100 punkta myndi hækka (lækka) afkomu um neðangreindar fjárhæðir eftir tekjuskatt. Þessi greining byggir á þeirri forsendu að allar aðrar breytur, sérstaklega gengi erlendra gjaldmiðla, haldist óbreyttar. Greiningin var unnin með sama hætti fyrir árið 2014.

	Afkoma	
	100 punkta hækkun	100 punkta lækkun
2015		
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum	160.331	(172.456)
Næmigreining gangvirðis, nettó	160.331	(172.456)
2014		
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum	51.997	(56.156)
Næmigreining gangvirðis, nettó	51.997	(56.156)

Skýringar, frh.:

29. Fjármálagerningar, frh.:

Álverðsáhætta

Félagið hefur gert raforkusölusamninga við Norðurál um afhendingu orku til ársins 2026. Félagið hefur einnig gert samninga við Landsvirkjun um sölu á orku til ársins 2019. Samningarnir eru gerðir í bandarískum dollurum og eru tengdir heimsmarkaðsverði á áli. Félagið ver sig ekki gegn breytingu á álverði.

Næmigreining

Breyting álverðskúrfu um 10% í lok ársins til hækkunar eða lækkunar hefði eftirfarandi áhrif á afkomu félagsins eftir tekjuskatt eins og sjá má hér á eftir. Greiningin var unnin með sama hætti fyrir árið 2014.

	Afkoma	
	2015	2014
Hækkun um 10%	1.614.021	1.647.902
Lækkun um 10%	(1.614.021)	(1.647.902)

Önnur markaðsáhætta

Önnur markaðsáhætta er tengd fjárfestingum í skuldabréfum og hlutabréfa og er metin óveruleg.

Gangvirði

Samanburður á gangvirði og bókfærðu verði

Gangvirði og bókfært verð fjáreigna og fjárskulda í efnahagsreikningi greinist þannig:

	2015		2014	
	Bókfært verð	Gangvirði	Bókfært verð	Gangvirði
Vaxtaberandi langtímaskuldir	9.945.657	9.593.082	12.395.690	12.103.473

Vextir notaðir við mat á gangvirði

Gangvirði sem er ákvarðað vegna skýringa, er reiknað núvirði framtíðarflæðis höfuðstóls og vaxta og er afvaxtað með markaðsvöxtum á uppgjörsdegi.

Vegna skulda í erlendum gjaldmiðlum er notast við afvöxtunarhlutfall sem byggt er á millibankavöxtum. Öll afvöxtunarhlutföll fela í sér viðeigandi áhættuálag, og greinast þannig:

Vaxtahlutföll notuð við mat á gangvirði:	2015	2014
Vaxtaberandi langtímaskuldir	Libor + 300 bp	Libor + 250 bp

Gangvirði annarra fjáreigna og fjárskulda er jafnt bókfærðu verði þeirra.

Skýringar, frh.:

29. Fjármálagerningar, frh.:

Flokkun fjármálagerninga

Fjáreignir og fjárskuldir flokkast þannig:

	Lán og kröfur	Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði gegnum rekstrarreikning	Fjárskuldir færðar á afskrifuðu kostnaðarverði	Bókfært verð
2015				
Eignarhlutir í öðrum félögum		27.075		27.075
Skuldabréf		271.440		271.440
Viðskiptakröfur	1.254.146			1.254.146
Aðrar skammtímakröfur	616.991			616.991
Skammtímafjárfestingar		907.175		907.175
Bundnar bankainnstæður	741.143			741.143
Handbært fé	1.424.226			1.424.226
Eignir samtals	4.036.506	1.205.690	0	5.242.196
Vaxtaberandi skuldir				
Afleiður		4.681.099	9.945.657	9.945.657
ESB styrkur			741.143	741.143
Viðskiptaskuldir			615.930	615.930
Fyrirframinnheimtar tekjur tengdar styrkjum			741.143	741.143
Aðrar skammtímaskuldir			536.360	536.360
Skuldir samtals	0	4.681.099	12.580.233	17.261.332
2014				
Eignarhlutir í öðrum félögum		27.075		27.075
Skuldabréf		332.662		332.662
Viðskiptakröfur	1.157.968			1.157.968
Aðrar skammtímakröfur	515.757			515.757
Skammtímafjárfestingar		400.540		400.540
Handbært fé	3.769.443			3.769.443
Eignir samtals	5.443.168	760.277	0	6.203.445
Vaxtaberandi skuldir				
Afleiður		1.433.146	12.395.690	12.395.690
Viðskiptaskuldir			555.530	555.530
Aðrar skammtímaskuldir			966.073	966.073
Skuldir samtals	0	1.433.146	13.917.293	15.350.439

Skýringar, frh.:

30. Stigveldi gangvirðis

Taflan hér að neðan sýnir fjármálagerninga færða á gangverði eftir verðmatsferð. Aðferðirnar eru skilgreindar á eftirfarandi hátt:

Stig 1: uppgæfin verð á virkum markaði fyrir sams konar eignir og skuldir

Stig 2: forsendur byggja á öðrum breytum en uppgæfum verðum á virkum markaði (stig 1) sem unnt er að afla fyrir eignir og skuldir, beint (t.d. verð) eða óbeint (afleidd af verðum)

Stig 3: forsendur gangvirðis eigna og skulda eru ekki byggðar á gögnum sem unnt er að afla á markaði.

	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
31. desember 2015				
Rekstrarfjármunir			36.566.711	36.566.711
Innbyggðar afleiður	(234.089)	(4.447.010)	(4.681.099)	(4.681.099)
Skuldabréfaeign		271.440		271.440
Eignarhlutir í öðrum félögum			27.075	27.075
Skammtímafjárfestingar	907.175			907.175
Samtals	<u>907.175</u>	<u>37.351</u>	<u>32.146.776</u>	<u>33.091.302</u>

31. desember 2014

Rekstrarfjármunir			31.115.291	31.115.291
Innbyggðar afleiður	(83.848)	(1.349.298)	(1.433.146)	(1.433.146)
Skuldabréfaeign		332.662		332.662
Eignarhlutir í öðrum félögum			27.075	27.075
Skammtímafjárfestingar	400.540			400.540
Samtals	<u>400.540</u>	<u>248.814</u>	<u>29.793.068</u>	<u>30.442.422</u>

Innbyggðar afleiður sem renna út á árinu 2026 eru flokkaðar undir 3. stig, þar sem framtíðarmarkaður áls nær eingöngu tíu ár fram í tímann. Gangvirðisbreytingar vegna eigna sem flokkaðar eru í stig 3 voru neikvæðar um 3.098 millj. kr. (2014: neikvæðar um 1.493 millj. kr.)

31. Yfirtaka á dótturfélagi

Í október 2015 eignaðist félagið 7,2% viðbótarhlut og atkvæðisrétt í Vesturverki ehf. (Vesturverk). Af því leiddi að eignarhlutur félagsins í Vesturverki fór úr 45,3% í 52,5% og náði félagið þannig yfirráðum yfir Vesturverki. Enginn hagnaður eða tap var fært vegna mats eldri eignarhluta. Helstu eignir Vesturverks eru þróunarkostnaður og voru eignirnar færðar á gangvirði, sem metið var jafnt því verði sem var greitt á yfirtökudegi.

Yfirtaka Vesturverks mun gera HS Orku kleift að stýra þróun þeirra vatnsaflsvirkjana sem Vesturverk hefur verið að þróa

Endurgjald fyrir að ná yfirráðum nam 30 millj. kr. og var greitt í reiðufé. Áður höfðu 90 millj. kr. verið greiddar fyrir 45,3% hlut í Vesturverki, þar af voru 30 millj. kr. greiddar á árinu 2015. Eftirfarandi tafla sýnir fjárhæðir yfirtækinnar eigna og skulda á yfirtökudegi.

Óefnislegar eignir	264.273
Rekstrarfjármunir	2.496
Aðrar skammtímakröfur	8.128
Handbært fé	1.590
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	(12.630)
Tekjuskattsskuldbinding	(35.240)
Aðgreinanlegar yfirtækinnar eignir og skuldir samtals.	<u>228.617</u>

Hlutur annarra eigenda í hreinni eign Vesturverks nam 109 millj. kr.

Skýringar, frh.:

32. Eiginfjárstýring

Það er stefna stjórnar félagsins að eiginfjárstaða þess sé sterk til að styðja við stöðugleika í framtíðarþróun starfseminnar.

Stjórn félagsins leitast við að halda jafnvægi milli ávöxtunar eigin fjár, sem mögulegt er að hækka með aukinni skuldsetningu, og hagræði og öryggi sem næst með sterku eiginfjárlutfalli. Eiginfjárlutfall var 58,6% í lok árs 2015 (2014: 59,7%).

Engar breytingar urðu á stefnu um eiginfjárstýringu félagsins á árinu. Félaginu ber ekki að fylgja ytri reglum um lágmarks eiginfjárstöðu að undanskildum kröfum í lánasamningum um lágmarkseiginfjárstöðu.

33. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Eigendur, dótturfélög, hlutdeildarfélag, systurfélög, HS Veitur hf., stjórnarmenn, stjórnendur og félög í þeirra í eigu teljast vera tengdir aðilar félagsins.

Félagið seldi hvorki vörur né þjónustu til eigenda á árunum 2015 og 2014. Félagið keypti þjónustu frá eigendum á árinu 2015 fyrir 22 millj. kr. (2014: 28 millj. kr.).

Félagið keypti vörur og þjónustu af hlutdeildarfélagum sínum fyrir 27 millj. kr. á árinu 2015 (2014: 30 millj. kr.).

Félagið seldi hlutdeildarfélagum sínum vörur fyrir 80 millj. kr. (2014: 41 millj. kr.).

Félagið keypti þjónustu frá systurfélagi fyrir 0 millj. kr. á árinu 2015 (2014: 2 millj. kr.).

Sala til HS Veitna hf. nam 1.388 millj. kr. á árinu (2014: 2,013 millj. kr.). Kaup frá HS Veitum hf. námu 91 millj. kr. (2014: 71 millj. kr.). Í árslok nam krafa félagsins á HS Veitur hf. 209 millj. kr. (2014: 241 millj. kr.) og viðskiptaskuld við HS Veitur hf. nam 8 millj. kr. (2014: 24 millj. kr.). Langtímakrafa á HS Veitur vegna hlutdeilda í lífeyrisskuldbindingu nam 504 millj. kr. (2014: 396 millj. kr.).

34. Styrkur frá Evrópusambandinu

Árið 2000 stofnaði hópur þriggja íslenskra orkufyrirtækja þar með talin Hitaveita Suðurnesja fyrirrennari HS Orku, Landsvirkjun og Orkuveita Reykjavíkur ásamt Orkustofnun Iceland Deep Drilling Program (IDDP). Á árinu 2015 tóku þátttakendur í IDDP þátt í DEEPEGS umsókn til Evrópusambandsins vegna rannsóknarverkefnisins sem hét Horizon 2020. HS Orka fékk hlutdeild í rannsóknarstyrknum til þátttöku í IDDP-2 holi á Reykjanesi. Hópurinn hóf síðan undirbúning að borun á 4-5 km djúpri holi í eitt af háhitajarðhitasvæðum sínum til að ná 400-600°C heitum jarðhitavökva á plötuskilum miðsjávarhryggsins.

DEEPEGS verkefnið er fjögurra ára verkefni sem stýrt er af HS Orku í samstarfi við aðra þátttakendur á Íslandi, í Frakklandi, Þýskalandi, á Ítalíu og í Noregi. HS Orku er bættur kostnaður við að stýra verkefninu og er ábyrgt fyrir dreifingu styrksins og að upplýsa Evrópusambandið um árangurinn. HS Orka ber ekki ábyrgð á niðurstöðum annarra þátttakenda, aðeins á niðurstöðum eigin borana. Í desember 2015 fékk félagið fyrstu greiðslu styrksins, 1.080 millj. kr., og færði 741 millj. kr. sem skuldbindingu við samstarfsaðila sína fyrir árslok. HS Orka gerir ráð fyrir að hefja djúpborunina árið 2016 og nota styrkinn og eigin fjármuni til að fjármagna verkefnið.

35. Önnur mál

Málaferli og kröfur

Í febrúar 2016 sendi lögfræðingur HS Orku bréf til HS Veitna hf. þar sem krafist var fullrar endurgreiðslu á langtímakröfu tengdri lífeyrisskuldbindingu (skýring 19). Var það gert í kjölfar uppsagnar HS Veitna á samkomulagi um greiðslur lífeyrisskuldbindingar sem send var 31. desember 2015. Félagin höfðu á árinu 2011 gert samkomulag um hlutdeild HS Veitna og telur HS Orka að krafa félagsins á grundvelli samkomulagsins sé gild. Samningaviðræður hafa ekki leyst málið og er mjög líklegt að annar hvor aðilin muni fara með málið fyrir dómstóla til úrlausnar.

Viðauki: Stjórnarháttayfirlýsing, óendurskoðuð

Yfirlýsing þessi um stjórnarhætti er gerð í samræmi við 66. gr. C laga nr. 3/2006, um ársreikninga, með síðari breytingum. Yfirlýsingin hefur verið samþykkt af stjórn HS Orku hf. og er einnig birt í ársskýrslu félagsins. Yfirlýsingin gildir fyrir fjárhagsárið sem lauk 31. desember 2015.

Í henni er að finna upplýsingar um eftirfarandi atriði:

- Tilvísanir í leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem félagið fylgir og hvernig félagið tekst á við leiðbeiningarnar, þ.m.t. frávik frá þeim og skýringar á frávikum.
- Lýsingu á helstu þáttum innra eftirlits og áhættustjórnunarkerfi sem notað er í tengslum við gerð
- Lýsingu á skipulagi félagsins, hlutverki og samsetningu hvers skipulagsþáttar.

1. Stjórnarháttir

Félagið fylgir í meginatriðum ofangreindum lögum. Stjórn HS Orku hf. leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnarháttum. Í samþykktum félagsins eru lagðar meginlinur að stjórnarháttum félagsins.

Endurskoðunarnefnd er skipuð tveimur stjórnarmönnum og einum óháðum nefndarmanni. Starfskjaranefnd tók til starfa á árinu 2014. Hún er skipuð tveimur stjórnarmönnum.

Stjórn félagsins ákveður starfskjör forstjóra og fær reglulega skýrslur frá endurskoðunarnefnd sem fundar reglulega með endurskoðendum félagsins. Tveir stjórnarmenn félagsins eru tengdir minnihlutaeiganda félagsins og þrír stjórnarmenn tengjast meirihlutahluthafa samkvæmt skilgreiningu í gr. 2.5 í leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar voru út í maí 2015 af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins.

Gerð ársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

2. Helstu þættir innra eftirlits og áhættustjórnunarkerfis í tengslum við gerð ársreiknings.

Félagið innleiddi helstu ákvæði Sarbanes-Oxley laganna (SOX) árið 2011. Félagið réð utanaðkomandi endurskoðunarfyrirtæki til prófana á innra eftirliti á árinu 2015. Sú vinna mun halda áfram á árin 2016 og 2017.

Stjórnin hefur regluleg samskipti við forstjóra um greiningu, lýsingu og stýringu á viðskiptaáhættum sem félagið býr við. Fjallað er um helstu áhættur og áhættustýringu í ársskýrslunni.

Áhættustýring og innra eftirlit félagsins í tengslum við fjárhagsferli eru hönnuð til að stýra áhættu vegna verulegra skekkja. Félagið hannar ferli þannig að þau komi í veg fyrir verulega veikleika í innra eftirliti sem leitt gætu til verulegrar skekkju í reikningsskilunum.

Félagið fer í gegnum ítarlegt stefnumótunar- og fjárhagsáætlunarferli á hverju ári og gerir skýrslu um fjárhagsáætlun. Stjórnin samþykkir fjárhagsáætlun félagsins á hverju ári. Fylgst er vandlega með frávikum frá áætlunum mánaðarlega. Einnig er gerður mánaðarlega samanburður á milli ára og frávik skýrð. Heildarrekstur félagsins er nokkuð stöðugur og fyrri áætlanir hafa verið áreiðanlegar og því hafa frávik komið fljótt í ljós.

Stjórnarháttayfirlýsing, óendurskoðuð, framhald:

Til að tryggja gæði reikningskila félagsins hafa eftirfarandi reglur, ferli og leiðbeiningar um reikningskil og innra eftirlit verið innleidd:

Stöðugar greiningar á samanburðarfjárhæðum milli ára.

Árleg próf á virkni innri eftirlitsþátta.

Stöðugar greiningar á rekstrarniðurstöðum og samanburður við samþykka áætlun.

Reglur um lykilorði í rekstri, þ.m.t. (en ekki takmarkað við) notkun á upplýsingatækni, tryggingar, sjóðstýringu, aðgreiningu starfa, innkaupaferli o.fl.

Forstjóri félagsins ber ábyrgð á að viðhalda fullnægjandi og virku innra eftirliti og áhættustýringu í tengslum við reikningskil félagsins.

Endurskoðunarfélag er kosið á aðalfundi til eins árs í senn. Ytri endurskoðendur mega ekki eiga hluti í félaginu. Ytri endurskoðendur skulu kanna ársreikning félagsins í samræmi við alþjóðlega staðla um endurskoðun og skulu í þeim tilgangi kanna fjárhagsgögn og önnur gögn um rekstur og fjárhagsstöðu félagsins. Ytri endurskoðendur hafa ávallt hafa aðgang að öllum gögnum og bókhaldi félagsins. Ytri endurskoðendur greina stjórn félagsins í gegnum endurskoðunarnefndina frá mikilvægum niðurstöðum sínum um reikningshald félagsins í endurskoðunarskýrslu sinni.

3. Skipulag félagsins, hlutverk og samsetning hvers þáttar

Samkvæmt samþykktum félagsins er félaginu stjórnað af

- Hluthafafundi
- Stjórn
- Forstjóra

Hluthafafundir

Æðsta vald í öllum málefnum félagsins, innan þeirra marka sem kveðið er á um í lögum og samþykktum félagsins, er í höndum löglegs hluthafafundar.

Meirihluthluthafi félagsins, Alterra Power Corp, á í gegnum dótturfélag sitt Magma Energy Sweden 66,6% hlut og atkvæðarétt í HS Orku hf. Hinn hluthafinn, Jarðvarmi slhf. á 33,4% hlut og atkvæðarétt í félaginu.

Stjórn

Samkvæmt samþykktum félagsins ber stjórn félagsins ábyrgð á málefnum þess milli hluthafafunda. Stjórnin skal starfa í samræmi við samþykktir félagsins og starfsreglur stjórnar. Helstu skyldur stjórnar eru eftirfarandi:

- Ráða forstjóra og ákvarða laun og starfskjör hans, ákvarða viðmið fyrir og hafa eftirlit með störfum forstjóra.
- Hafa stöðuga og nákvæma yfirumsjón með með öllum þáttum í rekstri félagsins og tryggja að skipulag og athafnir þess séu ávallt í góðu horfi. Þá skal stjórnin einkum tryggja viðeigandi yfirumsjón með fjárhagslegu eftirliti, nákvæmum fjárhagsupplýsingum og ráðstöfun fjármuna félagsins og að minnsta kosti einu sinni á ári staðfesta rekstrar- og fjárhagsáætlun félagsins.
- Setja markmið félagsins í samræmi við tilgang í samþykktum þess og móta stefnu og áætlanir til að ná þessum markmiðum.

Stjórnarháttayfirlýsing, óendurskoðuð, framhald:

Allir stjórnarmenn hafa samþykkt verkferli stjórnarinnar og telja að þau sé skilvirk. Stjórnarmenn töldu einnig að stjórnargögn og kynningar á málefnum væru fullnægjandi og vel undirbúin. Einnig staðfesta þeir að stjórnin hafi verið vel upplýst og að öll málefni hafi verið rædd á opinskáan og uppbyggilegan hátt. Við mat á stærð og samsetningu tekur stjórnin tillit til starfsemi félagsins, stefnu og framkvæmdar og þekkingu, reynslu og sérþekkingu hvers stjórnarmanns. Stjórnin telur að stærð og samsetning hennar sé í samræmi við markmið stjórnarinnar að leysa verkefni sín á skilvirkan og heiðarlegan hátt með hag félagsins að leiðarljósi.

Frekari upplýsingar um stjórn félagsins er að finna í ársskýrslu og á heimasíðu þess.

Endurskoðunarnefnd

Endurskoðunarnefndin skal starfa í samræmi við starfsreglur nefndarinnar. Meginstarf nefndarinnar er að tryggja gæði reikningsskila félagsins og annarra fjárhagsupplýsinga, og óhæði endurskoðenda félagsins.

Starfskjaranefnd

Starfskjaranefnd skal starfa í samræmi við starfsreglur nefndarinnar. Meginstarf nefndarinnar er að tryggja að starfskjör styðji við markmið félagsins, geri því kleift að ráða, hvetja og halda yfirmönnum í starfi ásamt því að fylgja ákvæðum reglna og stjórnvalda, uppfylla væntingar hluthafa og vera í samræmi við væntingar starfsmanna.

Forstjóri

Samkvæmt samþykktum félagsins ræður stjórnin forstjóra til að sjá um daglegan rekstur þess.

Eftirfarandi eru helstu skyldur forstjóra:

- Hann ber ábyrgð á daglegum rekstri og skal fylgja stefnu og tilmælum stjórnarinnar í þeim efnum. Daglegur rekstur felur ekki í sér óvanalegar og óhefðbundnar ráðstafanir. Forstjóri getur aðeins tekið ákvarðanir um slíkar ráðstafanir ef stjórnin hefur veitt sérstaka heimild fyrir því, nema að ómögulegt sé að biða ákvörðunar stjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi félagsins. Í slíkum tilfellum skal forstjóri án tafar tilkynna stjórninni um allar slíkar ráðstafanir.
- Hann ber ábyrgð á störfum og árangri framkvæmdastjórnar.
- Hann skal tryggja að reikningsskil félagsins séu í samræmi við lög og viðurkenndar aðferðir og örugga ráðstöfun á eignum félagsins. Forstjóri félagsins skal veita endurskoðendum félagsins allar þær upplýsingar sem þeir kunna að leita eftir.

Frekari upplýsingar um forstjóra félagsins er að finna í ársskýrslu og á heimasíðu þess.

Óendurskoðaðar fjárhagsupplýsingar

Ársfjórðungayfirlit

Samantekið yfirlit um rekstur félagsins eftir ársfjórðungum:

	F1	F2	F3	F4	Samtals
2015					
Rekstrartekjur	2.076.497	1.749.201	1.562.521	1.961.318	7.349.537
Framleiðslukostnaður og kostnaðarverð sölu	(1.458.309)	(1.263.976)	(1.211.556)	(1.437.143)	(5.370.984)
Vergur hagnaður	618.188	485.225	350.965	524.175	1.978.553
Annar rekstrarkostnaður	(179.129)	(113.115)	(117.116)	(211.163)	(620.523)
Rekstrarhagnaður	439.059	372.110	233.849	313.012	1.358.030
Fjármunatekjur	61.460	168.765	541.031	(363.180)	408.076
Fjármagnsgjöld	(475.801)	(83.957)	(71.818)	330.899	(300.677)
Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða	(603.744)	(635.292)	(917.424)	(1.091.493)	(3.247.953)
Hrein fjármagnsgjöld	(1.018.085)	(550.484)	(448.211)	(1.123.774)	(3.140.554)
Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélagi	142.245	605.322	319.752	111.636	1.178.955
(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt	(436.781)	426.948	105.390	(699.126)	(603.569)
Tekjuskattur	115.805	35.675	42.872	162.153	356.505
(Tap) hagnaður tímabils	(320.976)	462.623	148.262	(536.973)	(247.064)
Önnur heildarafkoma					
Liðir sem ekki verða endurflokkaðir í rekstrarreikning					
Endurmat rekstrarfjármuna	0	0	0	3.800.000	3.800.000
Matsbr. lífeyrisskuldbindingar	(10.969)	(21.808)	(7.141)	(40.447)	(80.365)
Tekjuskattur af liðum sem ekki verða endurflokkaðir í rekstrarreikning	2.194	4.362	1.428	(751.911)	(743.927)
	(8.775)	(17.446)	(5.713)	3.007.642	2.975.708
Liðir sem kunna að verða endurflokkaðir í rekstrarreikning					
Þýðingarmunur hlutdeildarfélagi	(43.828)	3.254	(44.985)	(10.342)	(95.901)
Önnur heildarafkoma eftir tekjuskatt ..	(52.603)	(14.192)	(50.698)	2.997.300	2.879.807
(Heildartap)- hagnaður	(373.579)	448.431	97.564	2.460.327	2.632.743

Óendurskoðaðar fjárhagsupplýsingar, frh.:

Ársfjórðungayfirlit, frh.:

	F1	F2	F3	F4	Samtals
2014					
Rekstrartekjur	1.899.108	1.683.049	1.729.172	2.167.547	7.478.876
Framleiðslukostnaður og kostnaðarverð sölu	(1.291.526)	(1.403.908)	(1.348.200)	(1.579.032)	(5.622.666)
Vergur hagnaður	607.582	279.141	380.972	588.515	1.856.210
Annar rekstrarkostnaður	(118.336)	(102.641)	(106.116)	(159.462)	(486.555)
Rekstrarhagnaður	489.246	176.500	274.856	429.053	1.369.655
Fjármunatekjur	303.864	79.973	74.448	(149.961)	308.324
Fjármagnsgjöld	(101.210)	(99.798)	(205.693)	44.134	(362.567)
Gangvirðisbreytingar skiptasamninga	21.169	20.049	(8.621)	392.018	424.615
Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða	(707.768)	465.705	65.487	(1.379.150)	(1.555.726)
Hrein (fjármagnsgjöld) fjármunatekjur	(483.945)	465.929	(74.379)	(1.092.959)	(1.185.354)
Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélagi	86.205	136.064	297.518	68.566	588.353
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	91.506	778.493	497.995	(595.340)	772.654
Tekjuskattur	(1.060)	(128.486)	(40.095)	132.770	(36.871)
Hagnaður (tap) tímabils	90.446	650.007	457.900	(462.570)	735.783
Önnur heildarafkoma Liðir sem ekki verða endurflokkaðir í rekstrarreikning					
Matsbr. lífeyrisskuldbindingar	7.002	(19.827)	(29.491)	(11.096)	(53.412)
Tekjuskattur af liðum sem ekki verða endurflokkaðir í rekstrarreikning	(1.400)	3.965	5.898	2.219	10.682
	5.602	(15.862)	(23.593)	(8.877)	(42.730)
Liðir sem kunna að verða endurflokkaðir í rekstrarreikning Þýðingarmunur hlutdeildarfélagi	(20.979)	6.060	(7.740)	8.664	(13.995)
Önnur heildarafkoma eftir tekjuskatt ..	(15.377)	(9.802)	(31.333)	(213)	(56.725)
Heildarhagnaður (-tap)	75.069	640.205	426.567	(462.783)	679.058